


ÚTTEKT Á FYRIRKOMULAGI OG FRAMKVÆMD SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTU Í SEX SVEITARFÉLÖGUM

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið
desember 2013

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

*Árný Elíasdóttir, Svava B. Sigurjónsdóttir,
Sveinborg Haflíðadóttir og Arndís Vilhjálmsdóttir*



Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannaður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum og foreldrum ásamt fulltrúum skólanefndar og skólaráðs fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 20. desember 2013

Árný Elíasdóttir, Svava B. Sigurjónsdóttir, Sveinborg Hafliðadóttir og Arndís Vilhjálmsdóttir.

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-----------|
| SAMANTEKT | 3 |
| 1. INNGANGUR | 5 |
| 2. AKUREYRARBÆR | 8 |
| 2.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu | 10 |
| 2.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu | 13 |
| 2.3. Samantekt | 14 |
| 3. FJÓTSDALSHÉRAÐ | 15 |
| 3.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu | 17 |
| 3.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu | 20 |
| 3.3. Samantekt | 21 |
| 4. HAFNARFJARÐARBÆR | 22 |
| 4.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu | 24 |
| 4.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu | 27 |
| 4.3. Samantekt | 29 |
| 5. STYKKISHÓLMSBÆR | 30 |
| 5.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu | 32 |
| 5.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu | 35 |
| 5.3. Samantekt | 36 |
| 6. VESTURBYGGÐ | 37 |
| 6.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu | 38 |
| 6.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu | 41 |
| 6.3. Samantekt | 42 |
| 7. ÞINGEYJARSVEIT | 43 |
| 7.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu | 44 |
| 7.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu | 47 |
| 7.3. Samantekt | 48 |
| 8. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA | 49 |
| 8.1. Tillögur til sveitarfélaga um úrbætur | 50 |
| 8.2. Tillögur til úrbóta á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu | 51 |
| 8.2.1. <i>Sjálfstæð eining</i> | 51 |
| 8.2.2. <i>Byggðasamlag</i> | 51 |
| 8.2.3. <i>Skólar sinna sérfræðiþjónustu</i> | 51 |
| 8.3. Tillögur til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úrbætur | 52 |

SAMANTEKT

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannaudi og ráðgjöf að framkvæma úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sveitarfélögunum Akureyrarbæ, Fjótshéraði, Hafnarfjarðarbæ, Stykkishólmsbæ, Vesturbyggð og Þingeyjarsveit. Úttektin er gerð með vísan til laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um grunnskóla nr. 91/2008 og þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir og kannanir í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Markmið úttektarinnar var að kanna hvernig mismunandi útfærslur reynast við að koma til móts við ákvæði reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarrád í grunnskólum frá 2010.¹ Gagna var aflað með athugun á fyrirliggjandi gögnum og stuttri könnun ásamt viðtölum og rýnihópum.

Fimm af sveitarfélögunum hafa skólustefnu og eitt áætlað að vinna við stefnuna hefjist árið 2014. Misjafnt er hvort kveðið er á um skipulag sérfræðipjónustu í skólanámskrám og hvort lögð er áhersla á að efla þekkingu starfsfólks í að leysa viðfangsefni reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga í símenntunaráætlun. Sveitarfélögum hefur tekist misvel að tryggja aðgengi að sérfræðipjónustu innan sveitarfélagsins. Þar virðast helstu áhrifavalda vera landfræðileg lega, stærð sveitarfélaga og framboð á fagfólki. Fyrirkomulag og framkvæmd sérfræðipjónustu er á þrjá vegu. Hjá Akureyrarbæ og Hafnarfjarðarbæ rekur sveitarfélagið sjálfstæða einingu. Stykkishólmsbær og Fljótshérað eru í byggðasamslagi nokkurra sveitarfélaga. Skólar í Þingeyjarsveit og Vesturbyggð sinna sérfræðipjónustu í samvinnu við aðkeypta sérfræðinga. Úttektin leiðir í ljós styrkleika og veikleika mismunandi fyrirkomulags, sjá nánar í niðurstöðum. Misjafnt er hvernig hefur tekist til við að skipuleggja sérfræðipjónustu út frá tvíþættu hlutverki hennar. Fram kom meðal viðmælenda í öllum sveitarfélögum að fyrirkomulag sérfræðipjónustu sé ekki nægilega kunnugt foreldrum og í nokkrum tilfellum ekki heldur kennurum. Almennt virtist óljóst hver verkaskipting, hlutverk, ábyrgð og skyldur sveitarfélags annars vegar og skóla hins vegar væri í þessum efnum.

Nemendaverndarrád er starfandi í nánast öllum grunnskólum og sinnir það almennt lögbundnu hlutverki sínu er varðar sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa. Misjafnt var hvort sambærilegt samráðsteymi var starfandi í leikskólum. Ólík viðhorf komu fram í könnun og rýnihópum meðal kennara og foreldra um hver biðtími eftir greiningu og ráðgjöf væri. Eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greininga má bæta í flestum sveitarfélögum. Kynna þarf verkferla sérfræðipjónustu betur, þá sérstaklega fyrir foreldrum. Yfirleitt virðist sátt um eftirfylgni milli skólastiga. Skólar sjá sjálfir um að veita

¹ Tilkygning um úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sex sveitarfélögum.

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

túlkajónustu og kom fram almenn ánægja með hana, þó kom fram það viðhorf að skortur sé á eftirliti af hálfu sveitarfélagsins og foreldrar ekki nægilega vel upplýstir ásamt því að gögn væru yfirleitt ekki þýdd yfir á erlend tungumál.

Almennt virðist vel staðið að stuðningi við nemendur í leik- og grunnskólum í þyngri málum. Gott samstarf virðist vera milli sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og aðila sem annast samhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum hins opinbera. Þó kom fram meðal hluta viðmælenda að þörf væri á auknu samráði sveitarfélags og ríkis vegna breyttrar þjónustu stofnana á vegum ríkisins. Þá barst ábending um að barnaverndarnefnd í stærra sveitarfélagi hefði hvatt foreldra til að flytja lögheimili barns til fósturforeldra í minna sveitarfélagi sem fjármagnaði þá þjónustuna í stað þess stærra. Almennt kom það viðhorf fram bæði í könnun, viðtölum og rýnihópum að misjafnlega væri staðið að stuðningi við nemendur í vægari málum. Aðgengi að sérfræðingum væri misjafnt, þá sérstaklega talmeinafræðingum.

Stuðningur við foreldra mætti vera betri, þá sérstaklega er varðar almenna ráðgjöf og fræðslu ásamt stuðningi við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð vegna lögbundinnar starfsemi þeirra. Upplýsingaflæði til foreldra virðist vera ábótavant. Í könnun meðal foreldra kom fram að stórt hlutfall svarenda vissi ekki svarið. Möguleikar foreldra á að kynna sér gögn er varða börn þeirra og fá afrit af þessum gögnum eru ekki nægilega góðir. Fram kom að landfræðileg lega sveitarfélaga hefur áhrif á aðgengi foreldra og barna þeirra að viðeigandi meðferðarúrræðum sérfræðinga. Misjafnt er milli sveitarfélaga hvernig staðið er að stuðningi við starfsemi skóla og starfsfólk. Fram kom í úttektinni að svo virðist sem starfsfólk skóla eigi í mörgum tilfellum erfitt með að átta sig á hvað felst í sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga virðast þurfa að hafa meira frumkvæði að stuðningi við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir, s.s. kennslufræðilegri ráðgjöf.

Það var almenn skoðun þeirra, sem rætt var við, að erfitt væri að framfylgja stefnu um *Skóla án aðgreiningar*. Að sögn viðmælenda skóla þarf víðast meira fjármagn, meiri og fjölbreyttari sérfræðiþekkingu innan skólanna, frekari stuðning á faglegum sviðum ásamt meiri tíma til að geta framkvæmt stefnuna. Algengt viðhorf kennara í grunnskólum var að starf þeirra hafi breyst mikið vegna *Skóla án aðgreiningar*. Meira álag fylgi starfinu, aukinnar þekkingar sé krafist, mikill tími fari í skýrsluskrif og fundarsetu um málefni einstakra nemenda á kostnað annarra. Í minni sveitarfélögunum og í leikskólum mátti greina jákvæðara viðhorf til stefnunnar, bæði hjá kennurum og foreldrum, og var m.a. bent á að fámennari hópar, samkennsla og meiri möguleikar á einstaklingsmiðuðu námi geti auðveldað framkvæmd *Skóla án aðgreiningar*. Hins vegar kom fram að minni sveitarfélög ættu oft erfitt með að framfylgja stefnunni vegna skorts á fagmenntuðu fólki og landfræðilegrar legu.

1. INNGANGUR

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannaúdi og ráðgjöf að framkvæma úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum. Sveitarfélögin eru Akureyrarbær, Fjótshálsbær, Hafnarfjarðarbær, Stykkishólmsbær, Vesturbyggð og Þingeyjarsveit. Úttektin er gerð með vísan til laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um grunnskóla nr. 91/2008 og þriggja ára áætlunar ráðuneytisins um úttektir og kannanir í leik-, grunn- og framhaldsskólum.²

Markmið úttektarinnar er að kanna hvernig mismunandi útfærslur reynast við að koma til móts við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum frá 2010. Úttektaraðilum var ætlað að skoða sérstaklega hvernig sveitarfélögum hefur tekist að skipuleggja sérfræðiþjónustu út frá tvíþættu hlutverki hennar. Annars vegar stuðningi við nemendur leik- og grunnskóla og foreldra þeirra og hins vegar stuðningi við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Einnig að skoða hvernig sveitarfélögum hefur tekist til við að tryggja fullnægjandi aðgengi að sérfræðiþjónustu innan sveitarfélagsins og tengsl við sérfræðistofnanir á landsvísi. Ennfremur voru úttektaraðilar beðnir að leita svara við því hvort staðsetning og stærð sveitarfélaga, mismunandi útfærsla eða skipulag sérfræðiþjónustu hafi áhrif á aðgengi og gæði þjónustunnar.³

Gagna var aflað með athugun á fyrirbyggjandi gögnum, stuttri könnun ásamt viðtölum og rýnihópum. Óskað var eftir gögnum frá sveitarfélögum og skólum, þar á meðal skólastefnu sveitarfélagsins, símenntunaráætlun, skólanámskrá o.fl. Til að gæta jafnræðis var óskað var eftir gögnum frá bæjarstjóra/sveitarstjóra og skólastjórum en ekki beint frá sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins þar sem fyrirkomulag hennar er mismunandi eftir sveitarfélögum. Ekki bárust gögn frá öllum sveitarfélögum og skólum. Stutt könnun var lögð fyrir kennara og foreldra dagana 8. til 18. október með milligöngu skólastjóra. Úttektaraðilar sendu póst með upplýsingum um könnun til skólastjóra sem þeir voru beðnir um að áframsenda til allra kennara og foreldra t.d. í gegnum Mentor. Könnunin byggði á spurningalista frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Nokkrar endurbætur og orðalagsbreytingar voru gerðar á spurningalistanum áður en hann var lagður fyrir. Markmið könnunarinnar var að fá fram viðhorf sem flestra úr þessum hópum til að hægt væri að bera þau saman við þau viðhorf sem fram komu í rýnihópum. Alls reyndust 558 svör kennara og 2942 svör foreldra vera nothæf, þar af 997 foreldra eða 38% þeirra sem höfðu nýtt sér þjónustuna. Svarhlutfall í könnun kennara má sjá í Töflu 1. Ekki var unnt að greina frá

² Tilkynning um úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum.

³ Tilkynning um úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum.

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

svarhlutfalli foreldra þar sem tölur um þýði þeirra voru óljósar, m.a. vegna fjölda barna hvers foreldris og fjölda svarenda fyrir hvert barn. Fjöldi gildra svara frá hverju sveitarfélagi má sjá í töflu 2.

Tafla 1. Svarhlutfall.

| Sveitarfélag | Svarhlutfall | |
|------------------|-------------------|--------------------|
| | Leikskólakennarar | Grunnskólakennarar |
| Akureyri | 37% | 31% |
| Fljótsdalshérað | 73% | 43% |
| Hafnarfjörður | 23% | 33% |
| Stykkishólm sbær | 38% | 42% |
| Vesturbyggð | 100% | 65% |
| Þingeyjarsveit | 6%* | 49% |
| Alls | 31% | 35% |

* ath. svör voru ekki marktæk vegna þess hve fá þau voru

Tafla 2. Fjöldi gildra svara frá foreldrum

| Sveitarfélag | Fjöldi gildra svara foreldra |
|------------------|------------------------------|
| Akureyri | 1073 |
| Fljótsdalshérað | 277 |
| Hafnarfjörður | 1459 |
| Stykkishólm sbær | 41 |
| Vesturbyggð | 35 |
| Þingeyjarsveit | 57 |
| Alls | 2942 |

Ljóst er að mjög mismunandi er hve stór hluti af þýði beggja hópa svaraði könnuninni sem setur takmörk á alhæfingargildi niðurstaðna. Aftur á móti gefa niðurstöður hennar ágæta vísbendingu um samhljóm hjá þátttakendum og eins um hvar reynsla þeirra er ólík. Þó má benda á að minnihluti þeirra foreldra sem svöruðu höfðu reynslu af því að eiga barn sem hafði nýtt sér sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Reynsla foreldra var ekki greind eftir skólastigi þar sem börn nýta sér þjónustuna þvert á skólastig. Svör kennara voru aftur á móti greind eftir skólastigunum leikskóli og grunnskóli. Hlutföll eru almennt reiknuð af heildarsvörun innan hvers sveitarfélags eða sem hlutfall af viðeigandi bakgrunnsbreytum innan hvers sveitarfélags.

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

Sveitarfélögin voru heimsótt og funduðu úttektaraðilar með 27 fulltrúum sveitarfélaga, 54 skólastjórum, 50 sérkennslustjórum / umsjónarmönnum sérkennslu, 106 kennurum, 53 foreldrum og 32 nemendum, alls 320 einstaklingum. Skólastjórar völdu viðmælendur í samræmi við óskir úttektaraðila. Óskað var eftir fulltrúum foreldra í rýnihópa úr skólaráðum, foreldraráðum og/eða foreldrafélögum. Í könnun meðal foreldra gafst þeim einnig kostur á að gefa sig fram til setu í rýnihópi en mjög fáir nýttu sér það. Markmið með viðtölum og rýnihópum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og stuðst var við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat ráðuneytisins beindist að. Mistök urðu af hálfu Vesturbyggðar við skipulagningu heimsóknar úttektaraðila og gafst því fulltrúum skóla og foreldra sem staðsettir voru á Bíldudal ekki færi á að sækja rýnihópa. Því gáfu úttektaraðilar þeim aðilum kost á að svara rafrænt þeim spurningum sem lagðar voru fyrir rýnihópa. Niðurstöður skýrsluhöfunda eru byggðar á upplýsingum sem fram komu í viðtölum og rýnihópum, gögnum frá skólum og sveitarfélögum og svörum úr könnun eftir því sem hægt var sökum dreifðar svörunar og hve hátt hlutfall foreldra svaraði „veit ekki“.

2. AKUREYRARBÆR

Akureyrarbær hefur skólastefnu og er hún frá árinu 2006. Í stefnunni er tekið fram mikilvægi þess að starfsfólk hafi aðgang að skilvirkri og öflugri stöðþjónustu og að stuðla eigi að samstarfi og samvinnu þeirra aðila er sinna sérfræði- og stöðþjónustu við foreldra, börn og skólann.⁴

Sérfræðiþjónusta Akureyrarbæjar er staðsett á nokkrum stöðum. Fjölskyldudeild sinnir einstaklingsþjónustu ásamt víðtækri þjónustu við börn og barnafjölskyldur. Hluta af sérfræðiþjónustu er sinnt af starfsfólki skólanna. Deildin veitir þjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum, lögum um málefni fatlaðs fólks, grunnskólalögum og lögum um leikskóla. Deildin annast fjóra málaflokka og er einn þeirra sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla.

Verkefni sérfræðiþjónustunnar eru annars vegar sálfræðileg greining og ráðgjöf og hins vegar sérkennsluráðgjöf og greining á námsvanda. Skóladeild Akureyrarbæjar sinnir leikskólaráðgjöf sem snýr að innra starfi leikskóla og ráðgjöf við stjórnendur. Þar er einnig fræðsla fyrir foreldra og meðferð á grundvelli PMT ásamt innleiðingu á SMT – skólafærni í leik- og grunnskóla. Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri sinnir almennri kennsluráðgjöf í leik- og grunnskólum, ráðgjöf við stjórnendur og verkefnum sem tengjast einelti. Í Hlíðarskóla eru tvö stöðugildi fjölskylduráðgjafa sem sinna ráðgjöf og meðferð vegna einstaka barna í grunnskólum sem eiga í aðlögunarvanda.⁵ Sérfræðiþjónustan sinnir 14 grunnskólum og 18 leikskólum, þar af fjórum grunnskólum á þjónustusvæði utan Akureyrar.⁶ Allir í starfshópnum sem sinnir sérfræðiþjónustunni hafa menntun á sviði kennslu-, uppeldis- eða félagsmála. Þjónusta talmeinafræðings er aðkeypt.⁷

Störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðiþjónustu eru samræmd í nemendaverndarráði grunnskóla. Ekki er sambærilegt ráð í leikskólum. Að sögn meirihluta viðmælenda veitir sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins ekki nægilegan stuðning til skóla vegna stefnu um *Skóla án aðgreiningar*. Sérfræðiþjónustan geri eins vel og hún geti en skortur sé á starfsafli. Viðmælendur skóla segja að meira fjármagn þurfi, meiri og fjölbreyttari sérfræðipækkingu innan skólanna ásamt meiri tíma til að geta framkvæmt stefnuna. Almenn kom það viðhorf fram að starf kennara hafi breyst mikið vegna *Skóla án aðgreiningar*. Mikill tími fari í að sinna uppeldi og félagslegum málum og auka megi stuðning við foreldra til að efla færni sína. Það viðhorf kom fram meðal foreldra í rýnihópi að

⁴ Skólastefna Akureyrarbæjar

⁵ Gögn frá skóla

⁶ Ársskýrsla fjölskyldudeildar 2012

⁷ Gögn frá Akureyrarbæ

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

gæði kennslu hafi minnkað og *Skóli án aðgreiningar* sé, af ofangreindum ástæðum, í raun ekki að virka.

12 af 24 leik- og grunnskólum á Akureyri skiluðu gögnum varðandi símenntun og skólanámskrá. Misjafnt er hvort kveðið er á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá og hvort lögð er áhersla á að efla þekkingu starfsfólks í að leysa viðfangsefni reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga í símenntunaráætlun. Nemendur grunnskóla, sem rætt var við, virtust ánægðir í skólanum. Þeir greindu frá því að nemendum skólans væri veitt nægileg aðstoð við nám, þá helst hjá umsjónarkennara. Þeir sögðu að aðstoð við nemendur væri veitt innan kennslustofunnar og að nemendur með líkamlega fötlun hafi jafnan aðgang að stofum og leiksvæðum skólans. Ennfremur greindu nemendur frá því að þeir teldu að nemendum grunnskóla væri veitt nauðsynleg aðstoð í tengslum við próf. Almennt sögðu nemendur að jákvætt viðhorf væri meðal nemenda skólans til sérkennslu.

2.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|---|---|
| Hversu vel er starfsfólk upplýst um innihald reglugerðar? | <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar sveitarfélagsins eru upplýstir um reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Þeir segja að skólastjórar séu upplýstir um hana á fundum og þeir séu ábyrgir fyrir því að koma upplýsingum um hana til starfsmanna sinna. • Skólastjórnendur, starfsmenn og foreldrar segja að almennt sé fólk ekki vel upplýst um reglugerðina. Flestir viti þó af henni og viti hvar hægt sé að nálgast upplýsingar um hana. | <ul style="list-style-type: none"> • Staðið verði fyrir árlegri kynningu á þeirri sérfræðipjónustu sem sveitarfélagið og skólar sinna, ásamt kynningu á reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga fyrir starfsmenn skóla og foreldra. |
| Stuðningur við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir | <ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélagið eflir skóla sem faglegar stofnanir og styður við starfsemi og starfshætti skóla með samningi við Háskólann á Akureyri (HA). • Fjölskyldudeild styður við starfsfólk og skóla með ráðgjöf, stuðningi og fræðslu. Tengiliður er í grunnskólum við Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. • 57% þeirra leikskólakennara og 37% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðipjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfshætti og starfsemi skóla. • 38% þeirra leikskólakennara og 27% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðipjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfsmenn skóla. Í rýnihópum kom fram að ekki væri öllum kunnugt um að sveitarfélagið hefði gert samning við HA um stuðning við starfsemi og starfshætti skóla. Skiptar skoðanir voru í rýnihópum kennara um hversu mikinn og fjölbreyttan stuðning sérfræðipjónustan veitti við starfshætti, starfsemi og starfsmenn skóla, en almennt var jákvæðara viðhorf meðal fulltrúa leikskóla. • Þegar spurt var hvaða stuðning sérfræðipjónustan veitti tilgreindu flestir leikskólakennarar ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (58%), ráðgjöf vegna kennslu nemenda (51%) og ráðgjöf vegna umönnunar nemenda (42%). Flestir grunnskólakennarar nefndu ráðgjöf í kjölfar greiningar að frumkvæði sérfræðipjónustu (44%), ráðgjöf vegna kennslu nemenda (41%) og ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (36%). • 39% leikskólakennara og 43% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að sveitarfélagið veiti starfsfólki skóla fræðslu til þess að efla þekkingu á því að leysa viðfangsefni reglugerðarinnar. 25% leikskólakennara og 24% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að skólinn geri það. Grunnskólastjórar segja að auka megi ráðgjöf vegna kennslu. • Leikskólastjórar benda á að starfshlutfall sérkennsluráðgjafa/leikskólaráðgjafa hafi ekki aukist þrátt fyrir fjölgun leikskóla og barna. • Leikskólakennarar í rýnihópi segja að auka megi fræðslu. | <ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélagið kynni betur fyrir starfsmönnum skóla samning við HA. • Sveitarfélagið og skólar skoði leiðir til að koma til móts við óskir skólastjórnenda um aukna ráðgjöf og fræðslu. • Sveitarfélagið er hvatt til þess að rýna í starfshlutfall sérkennsluráðgjafa/leikskólaráðgjafa m.t.t. fjölgunar leikskóla og barna. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|---|--|
| Eftirlit sveitarfélags með því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Skóladeild í umboði skólanefndar fer með eftirlit með að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu. Skólastjórnendur og sérkennslustjórar segja að úrvinnsla mála sé hæg og þeir vilji sjá aðganginn tryggari. Biðlistar séu að lengjast. Fram kom meðal viðmælenda að aðgangur að sérfræðipjónustu sé ekki til staðar yfir sumartímann. Í athugasemdum frá fulltrúa sveitarfélagsins kom fram að sérfræðipjónustan sé opin allt árið. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið þarf að kanna leiðir til þess að stytta biðlista. Sveitarfélagið skoði upplýsingagjöf um aðgang að sérfræðipjónustu allt árið. |
| Áherslur sveitarfélagsins við framkvæmd sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Áhersla er á heildstæða þjónustu við fjölskyldur. Sérfræðipjónustan býður upp á stuðning og fræðslu við innleiðingu á skólafærni (SMT) og foreldrafærni (PMT), ásamt fræðslu um einstök málefni. | |
| Hvaða hlutverkum er ekki verið að sinna eða flækjustig í framkvæmd | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að auka þurfi samráð milli ríkis og sveitarfélaga um aukid hlutverk sveitarfélaga vegna ákvarðana stofnana á vegum ríkisins um breytta þjónustu og forgangsröðun er varðar sérfræðipjónustu barna. Fram kom meðal viðmælenda að biðlistar væru langir, hlutir strönduðu á formlegum greiningum, samstarf við foreldra gæti á tímum tafið mál, skortur sé á tíma og álag hafi aukist. Flestir foreldrar taka undir að biðtími eftir greiningu sé langur og flækjustig nokkurt. Að sögn kennara í skólum í Hrísey og Grímsey þarf Fjölskyldudeild að efla samstarf við skólana vegna málefna einstakra nemenda og auka faglegan stuðning. Leikskólastjórnendur segja að lítið samræmi sé í úthlutun á starfshlutfalli sérkennslustjóra, leikskólar geti verið með sama starfshlutfall þótt einingar séu misstórar. | <ul style="list-style-type: none"> Auka þarf samráð milli ríkis og sveitarfélaga vegna breyttrar þjónustu stofnana á vegum ríkisins. Leita þarf leiða til að létta á álagi starfsfólks sérfræðipjónustu og hvatt er til þess að komið verði á samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga til þess að leysa úr vanda vegna biðlista. Huga þarf sérstaklega að þjónustu við skólana í Hrísey og Grímsey. Sveitarfélagið leiti leiða til að auka starfshlutfall sérkennslustjóra þar sem þörf er á. |
| Rými innan skólans til að veita sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Rými innan skóla sveitarfélagsins er misjafnt, að sögn viðmælenda. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið reyni eins og kostur er að bæta aðgengi, aðbúnað og aðstöðu innan skólanna. |
| Samstarf sérfræðipjónustu sveitarfélags og aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum hins opinbera og hvernig sveitarfélagið tryggir gagnkvæma upplýsingamiðlun | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að samstarf sérfræðipjónustu sveitarfélagsins og aðila sem annast samhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum hins opinbera sé gott. Þeir benda þó á að verið sé að ýta verkefnum ríkis yfir á sveitarfélögin án samráðs. Aðrir viðmælendur taka undir að samstarf sé gott en bæta megi upplýsingaflæði við barnaverndarnefnd. Miðlun upplýsinga er að þeirra sögn tryggð með áherslu á heildstæða þjónustu ásamt samþættingu. | <ul style="list-style-type: none"> Auka þarf samráð milli ríkis og sveitarfélaga vegna breyttrar þjónustu stofnana á vegum ríkisins. Fulltrúar sveitarfélags og barnaverndarnefndar leiti leiða til að bæta eins og kostur er upplýsingaflæði sín á milli. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|---|--|
| Eftirfylgni milli skólastiga | <ul style="list-style-type: none"> Almennt virðist sátt ríkja meðal viðmælenda um hvernig málefnum nemenda er fylgt eftir á milli skólastiga. Leikskólakennarar segja að bæta megi flæði gagna innan einstaka grunnskóla. Komið hafi fyrir að gögn um einstaka nemendur hafi ekki skilað sér til umsjónarkennara. Það viðhorf kom fram í rýnihópi foreldra að þeir finni fyrir ákveðnum flöskuhálsi milli grunn- og framhaldsskólastigs. | <ul style="list-style-type: none"> Huga þarf betur að samráði hagsmunaaðila er varðar upplýsingaflæði. Mikilvægt er að skólar auki samráð við foreldra í tengslum við færslu barna þeirra frá grunnskóla til framhaldsskóla. |
| Möguleikar foreldra á að kynna sér gögn/fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðipjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn | <ul style="list-style-type: none"> Ólík sjónarmið komu fram meðal foreldra í rýnihópi um hvort þeir hefðu aðgengi að gögnum um börn sín og hvort þeir hefðu möguleika á að fá afrit af þeim. Í könnun meðal foreldra kom fram að 34% þeirra sem höfðu nýtt sérfræðipjónustuna, sögðu sig ekki hafa möguleika á að kynna sér gögn um eigin börn. 44% segjast ekki hafa fengið afhent afrit af gögnum. Fulltrúar sveitarfélags og sérkennslustjórar telja að þessum málum sé vel háttað. Þeir benda á að ekki megi afhenda prófgögn um greindarpróf þar sem þá geti viðkomandi aðili lært rétt svör. | <ul style="list-style-type: none"> Mikilvægt er að sérfræðipjónusta sveitarfélagsins tryggji aðgang foreldra að gögnum um börn þeirra. |
| Biðtími eftir greiningu og ráðgjöf á vegum sérfræðipjónustu sveitarfélaga | <ul style="list-style-type: none"> Misjafnar skoðanir komu fram meðal viðmælenda um lengd biðtíma vegna greiningar. Fulltrúar sveitarfélagsins, skólastjórnendur grunnskóla og sérkennslustjórar segja biðtíma vera frá einum og upp í sex mánuði. Kennarar og foreldrar segja biðtíma vera frá sex mánuðum og upp í ár. Í einstaka tilfellum geti biðin verið lengri. Í viðhorfskönnun kennara segja 29% leikskólakennara biðtíma eftir greiningu vera 4-12 mánuði. 47% grunnskólakennara að biðtími eftir greiningu sé 1-3 mánuðir og 33% að hann sé 4-6 mánuðir. 9% kennara segja biðtíma eftir greiningu vera meira en ár. 42% leikskólakennara og 55% grunnskólakennara segja biðtíma eftir ráðgjöf vera 1-3 mánuði. Í viðhorfskönnun foreldra kemur fram að biðtími eftir greiningu (29%) og ráðgjöf (21%) sé 1-3 mánuðir og 17% segja að hann sé 4 -6 mánuðir. 15,2% greina frá að þeir hafi beðið í meira en ár eftir greiningu. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að leita leiða til að stytta biðtíma eftir greiningu eins og kostur er. |
| Aðgengi að túlkapjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Skólar sveitarfélagsins útvega sjálfir túlkapjónustu og virðist ríkja almenn sátt um hana meðal viðmælenda. Foreldrar og leikskólakennarar benda á að ekki sé alltaf hægt að fá túlk á viðkomandi tungumáli. Í könnun meðal foreldra kom fram að 65% þeirra vissi ekki hvort sérfræðipjónusta sveitarfélagsins veiti túlkapjónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið skoði og hafi eftirlit með að aðgengi að túlkapjónustu sé tryggt. |

2.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|--|---|
| Ferli, verklagsreglur og verkferlar sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Yfirmaður sérkennslu og/eða nemendaverndarráð í samráði við foreldra setja af stað ferli innan skólanna. Ennfremur hafa skólarnir aðgang að viðeigandi matstækjum. Ef þörf er á frekari greiningum er málið sent áfram til Fjölskyldudeildar. Skilafundir eru haldnir að greiningu lokinni og þeim fylgt eftir í þyngri málum með teymisfundum ef við á. Fulltrúar sveitarfélagsins segja að hátt menntunarstig sé í leik- og grunnskólum. Viðmælendur skóla segja að bæta megi verkferla, verklagsreglur og auka upplýsingaflæði, þá sérstaklega er varðar Fjölskyldudeild og barnaverndarnefnd. Í viðhorfskönnun meðal kennara kemur fram að 70% leikskólakennara og 77% grunnskólakennara telja verkferla skóla vegna sérfræðiþjónustu við nemendur vera kennurum aðgengilega, en 35% leikskólakennara og 40% grunnskólakennara telja þá aðgengilega foreldrum. Í könnun meðal kennara kom fram að meirihluti þeirra (66% leikskólakennara og 67% grunnskólakennara) segja að kennari meti fyrst þörf nemenda fyrir stuðning. Í könnun meðal foreldra kemur fram að mikill meirihluti þeirra (77% foreldra leikskólabarna og 73% foreldra grunnskólabarna) veit ekki hvort verkferlar leikskóla og grunnskóla vegna sérfræðiþjónustu við nemendur séu þeim aðgengilegir. | <ul style="list-style-type: none"> Efla þarf verkferla og verklagsreglur um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Upplýsa þarf starfsmenn og foreldra í kjölfarið. |
| Stuðningur sérfræðiþjónustu við forvarnarstarf | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið hefur forvarnarstefnu og starfandi er forvarnafulltrúi á þeirra vegum. Viðmælendur taka undir að unnið sé að forvörnum í sveitarfélaginu en gera megi betur á þessu sviði. Fulltrúar Grímseyjarskóla segja að það sé lítið samstarf við sveitarfélagið vegna forvarnarstarfs. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að skoða hvernig megi efla forvarnir enn frekar, gera starfið markvissara og upplýsa um það. Mikilvægt er að forvarnarstarf nái til allra skóla sem heyra undir sveitarfélagið og/eða nýta sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. |
| Samráð við foreldra vegna greininga | <ul style="list-style-type: none"> Greiningar á nemendum eru gerðar í samráði við foreldra og með samþykki þeirra og þeir upplýstir um niðurstöðuna. | |
| Eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar | <ul style="list-style-type: none"> Eftirfylgni og árangur í þyngri málum er metinn með sérfræðingum er málið varðar. Viðmælendur segja að farið sé yfir stöðu einstakra barna varðandi eftirfylgni og mat á teymisfundum og með ráðgjöf. Að sögn grunnskólakennara og sérkennslustjóra/umsjónarmanns sérkennslu skortir á eftirfylgni þegar um vægari mál er að ræða. | <ul style="list-style-type: none"> Auka þarf eftirfylgni og mat á árangri eins og kostur er í kjölfar greiningar í vægari málum. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|--|--|
| Almenn ráðgjöf og fræðsla til foreldra | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið stendur fyrir ráðgjöf um foreldrafærni (PMT). Skólar sveitarfélagsins eru ábyrgir fyrir að veita ráðgjöf og fræðslu til foreldra, s.s. um samstarf heimilis og skóla eða hegðun barna. Í könnun meðal foreldra sögðu 52% að þeir vissu ekki hvort sérfræðipjónustan styddi við foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Meirihluti foreldra í rýnihópi tók undir þetta viðhorf. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið skóði aðkomu sína að almennri ráðgjöf og fræðslu til foreldra og eftirfylgni með henni, til að tryggja að ákvæði reglugerðar sé uppfyllt. |
| Stuðningur við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð vegna lögbundinnar starfsemi | <ul style="list-style-type: none"> Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins hefur ekki haft frumkvæði að því að veita foreldrafélögum, foreldraráðum og skólaráðum ráðgjöf eða fræðslu vegna lögbundinnar starfsemi þeirra en hefur sinnt einstökum beiðnum um að mæta á fundi foreldrafélaga. Foreldrar og skólastjórnendur telja að ef óskað væri eftir aðstoð frá sveitarfélaginu fengju þeir hana. | <ul style="list-style-type: none"> Æskilegt er að sérfræðipjónusta sveitarfélagsins skilgreini og geri grein fyrir stuðningi við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð. |

2.3. Samantekt

- Mikilvægt er að sérfræðipjónusta sveitarfélagsins og skólar kynni hlutverk sitt og skyldur um sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Einnig að kynna betur fyrir starfsfólki samning við Háskólann á Akureyri.
- Sveitarfélag og skólar tryggi að kveðið sé á um skipulag sérfræðipjónustu í skólanámskrá og að í símenntunaráætlun sé lögð áhersla á að efla þekkingu starfsfólks á að leysa viðfangsefni reglugerðar.
- Auka þarf samstarf ríkis og sveitarfélaga m.a. vegna breyttrar þjónustu stofnana á vegum ríkisins. Skoða þarf aukið hlutverk sveitarfélaga, biðtíma og meðferðaúrræði.
- Tryggja þarf að skólar sveitarfélagsins hljóti sömu þjónustu hvar sem þeir eru staðsettir.
- Mikilvægt er að aðgangur foreldra að gögnum sé tryggður.
- Efla þarf verkferla og verklagsreglur um sérfræðipjónustu sveitarfélagsins ásamt því að upplýsa hagsmunaaðila í kjölfarið.
- Hátt menntunarstig er í skólum sveitarfélagsins sem m.a. auðveldar framkvæmd reglugerðar.

3. FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Fljótsdalshérað hefur menntastefnu frá árinu 2008. Þar segir að leggja eigi áherslu á og hlúa að skóla margbreytileikans á öllum skólastigum og tryggja sveigjanleika í framkvæmd skólastarfs. Ennfremur að tryggt verði aðgengi að öflugri stoð- og ráðgjafþjónustu við einstaklinga, fjölskyldur og stofnanir í samfélaginu með velferð allra að leiðarljósi.⁸

Fjótsdalshérað hefur sameinast um rekstur sérfræðiþjónustu með öðrum sveitarfélögum og nefnist hún Skólaskrifstofa Austurlands, en hluta sérfræðiþjónustunnar er sinnt af starfsfólki skólanna. Skólaskrifstofan er byggðasamlag átta sveitarfélaga á Austurlandi. Skrifstofan sinnir 15 grunnskólum og 15 leikskólum. Starfsemi hennar byggir á samningi byggðasamlags, lögum um grunnskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu grunnskóla. Skrifstofan starfar í tveimur deildum, skólamál og málefni fatlaðra. Starfsemi deildar um skólamál er þríþætt: Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla, stuðningur við starfsemi skóla og rekstrarleg ráðgjöf fyrir sveitarfélög vegna fræðslumála.⁹ Misjafnt er í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins hver hefur umsjón með sérfræðiþjónustu við nemendur en það er ýmist sérkennslustjóri, umsjónarmaður sérkennslu, deildarstjóri eða aðrir stjórnendur. Gögn frá Fljótsdalshéraði um menntun sérfræðinga sem sinna sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins sem óskað var eftir frá bæjarstjóra bárust ekki úttektaraðilum.

Störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðiþjónustu eru samræmd af stjórnendum, sérkennslustjóra/umsjónarmanni sérkennslu, á teymisfundum og í nemendaverndarráði grunnskóla. Ekki er sambærilegt ráð í leikskólum. Fulltrúar skóla sögðu að þeir yrðu ekki varir við mikinn stuðning frá sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins vegna stefnu um *Skóla án aðgreiningar*. Væri hann einhver væri það þá hugsanlega með fjölgun stöðugilda. Fulltrúar sveitarfélagsins sögðu að skólar sveitarfélagsins hafi lengi starfað eftir stefnu um *Skóla án aðgreiningar* þar sem ekki hafi verið starfandi sérdeild í sveitarfélaginu í um tvo áratugi. Að sögn viðmælenda skóla þarf að auka snemmtæka ráðgjöf, fækka í námshópum, fá meiri og breiðari fagþekkingu, fá aukið rými og fjármagn, sinna einstaklingsþörfum betur og fjölga meðferðarúrræðum til þess að geta framkvæmt stefnu um *Skóla án aðgreiningar*.

Viðmælendur skóla segja að starf kennara hafi breyst mikið vegna *Skóla án aðgreiningar*. Meira álag sé í starfi, starfið feli í sér aukinn undirbúning, kennarar þurfi að búa yfir aukinni þekkingu og tími við kennslu fari oft í að aðstoða einstaka nemendur á kostnað alls hópsins. Fulltrúar sveitarfélagsins sögðu starf kennara ekki hafa breyst vegna stefnunnar heldur fremur vegna aukins fjölda barna sem hafa þörf á greiningum, í kjölfarið

⁸ Menntastefna Fljótsdalshéraðs af heimasíðu sveitarfélagsins

⁹ Heimasíða Skólaskrifstofu Austurlands

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

hafi t.a.m. fundum og skýrslum fjölgað. Misjafnar skoðanir komu fram meðal foreldra um hvort þörfum nemenda sem þurfa sérstakan stuðning sé mætt með framkvæmd stefnu um *Skóla án aðgreiningar*. Það geti farið eftir börnum, kennurum, fjölda fagfólks, fjármagni o.fl.

Tveir af sex leik- og grunnskólum í Fjótshéraði skilðu gögnum varðandi símenntun og skólanámskrá. Kveðið er á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá og lögð er áhersla á að efla þekkingu starfsfólks á að leysa viðfangsefni reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga í símenntunaráætlun. Einn skóli skilaði gögnum, en ekki þeim sem óskað var eftir.

Nemendur grunnskóla sem rætt var við virtust ánægðir í skólanum. Þeir sögðu að nemendum skólans væri veitt nægileg aðstoð við nám, m.a. með aðstoð umsjónarkennara og stundum sérkennara. Þeir sögðu að aðstoð við nemendur væri veitt innan kennslustofunnar. Fram komu óskir meðal nemenda um að gott væri að geta sótt aðstoð utan kennslustofu. Aðgangur að stofum og leiksvæðum skólanna er misjafn að þeirra sögn. Ennfremur greindu nemendur frá því að þeir teldu að nemendum grunnskóla væri veitt nauðsynleg aðstoð í tengslum við próf. Almennt sögðu nemendur að jákvætt viðhorf væri meðal nemenda skólans til sérkennslu. Þau bentu á að dreifa mætti betur heimanámi milli mánaða.

3.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|---|--|
| Hversu vel er starfsfólk upplýst um innihald reglugerðar? | <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar sveitarfélagsins eru upplýstir um reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. • Skólastjórnendur segjast hafa kynnt reglugerðina þegar hún var gefin út og fylgja henni eftir meðal starfsmanna sem sinna málum einstakra barna. • Aðrir viðmælendur segja að almennt sé fólk ekki vel upplýst um reglugerðina, en flestir viti þó af henni. | <ul style="list-style-type: none"> • Staðið verði fyrir árlegri kynningu á þeirri sérfræðiþjónustu sem sveitarfélagið og skólar sinnir, ásamt því að kynna reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga fyrir starfsmönnum skóla og foreldrum. |
| Stuðningur við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir | <ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélagið eflir skóla sem faglegar stofnanir og styður við starfsemi og starfshætti skóla með stuðningi, ráðgjöf og fræðslu. • Viðmælendur segja að fræðsla fari líka fram innan skólanna. • Fulltrúar leikskóla segja að stuðningur við starfsmenn og skóla hafi minnkað mikið þegar sérkennslufulltrúi leikskóla á vegum sveitarfélagsins lét af störfum. Ekki sé ljóst hver hafi tekið við verkefnum hans. • Kennarar segja að SKA styðji við starfsfólk m.a. með árlegum fræðsludögum. Grunnskólakennarar taka einnig fram að skólar geti kallað eftir fræðslu frá SKA. • 33% leikskólakennara og 35% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfshætti og starfsemi skóla. • 14% leikskólakennara og 17% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfsmenn skóla. • Þegar spurt var hvaða stuðning sérfræðiþjónustan veitti tilgreindu flestir leikskólakennarar ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (42%), ráðgjöf í kjölfar greiningar (36%) og ráðgjöf vegna kennslu nemenda (33%). Flestir grunnskólakennarar nefndu ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (49%), ráðgjöf vegna kennslu nemenda (43%) og ráðgjöf í kjölfar greiningar að frumkvæði sérfræðiþjónustu, (37%). • 19% leikskólakennara og 22% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að sveitarfélagið veiti starfsfólki skóla fræðslu til að efla þekkingu á því að leysa viðfangsefni reglugerðarinnar. 31% leikskólakennara og 26% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að skólinn geri það. | <ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélagið skoði leiðir til þess að verkefnum fyrrverandi sérkennslufulltrúa leikskóla sé komið með skýrum hætti til annars starfsmanns. • Sveitarfélagið er hvatt til þess að hafa frumkvæði að og efla stuðning og fræðslu við starfsfólk og skóla. |
| Eftirlit sveitarfélags með því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> • Skólaskrifstofa Austurlands (SKA) sinnir sérfræðiþjónustu og fer með eftirlit með því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að henni. Bæjarstjóri á sæti í stjórn SKA. • Fulltrúar sveitarfélagsins segja að Fljótsdalshérað hafi skodað fyrirkomulag sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins nokkrum sinnum til að leggja mat á það. • Fulltrúar leikskóla í rýnihópi segja að bæta megi aðgang og eftirlit að sérfræðiþjónustunni, sérstaklega eftir að sérkennslufulltrúi leikskóla lét af störfum. | <ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélagið þarf að kanna leiðir til að tryggja jafnan aðgang skólastiga að sérfræðiþjónustu og eftirliti með henni. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|--|--|
| Áherslur sveitarfélagsins við framkvæmd sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Áhersla er á snemmtæka íhlutun, forvarnarstarf, fræðslu um einstök málefni og að skólar hafi tækifæri til að móta sína skólastefnu. Bodið er upp á fræðslu vegna PMT ef óskað er eftir því. | |
| Hvaða hlutverkum er ekki verið að sinna eða flækjustig í framkvæmd | <ul style="list-style-type: none"> Viðmælendur segja að biðlistar geti verið langir og í einhverjum tilfellum sé skortur á fagfólki, m.a. vegna landfræðilegrar staðsetningar sveitarfélagsins. Fulltrúar sveitarfélagsins segja að aukið fjármagn hafi verið sett í að stytta biðlista og að það hafi skilað árangri. Undir það taka skólastjórnendur. Skólastjórnendur segja að auka megi þverfaglega samvinnu og útnefna tengiliði skóla innan SKA. Sérkennslustjórar segja að auka þurfi almenna ráðgjöf vegna einstakra mála, áhersla sé á greiningar. Foreldrar segja að eftirfylgni skorti og benda á að víðfemt þjónustusvæði SKA geti aukið flækjustig. Hlutverkaskipting milli SKA, sveitarfélags og skóla er varðar sérfræðiþjónustu er ekki skýr hjá starfsmönnum skóla. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að vinna áfram að styttingu biðlista. Ríki og sveitarfélag skoði möguleika á að leysa úr vanda vegna skorts á aðgengi barna að meðferðarúrræðum vegna landfræðilegrar legu sveitarfélagsins. Skýra þarf betur hlutverkaskiptingu milli SKA, sveitarfélagsins og skóla og upplýsa hagsmunaaðila. |
| Rými innan skólans til að veita sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Rými innan skóla sveitarfélagsins er misjafnt, að sögn viðmælenda. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið reyni eins og kostur er að bæta aðgengi, aðbúnað og aðstöðu innan skólanna. |
| Samstarf sérfræðiþj. sveitarfél. og aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum hins opinbera og hvernig sveitarfélagið tryggir gagnkvæma upplýsingamiðlun | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að samstarf sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og aðila sem annast samhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum hins opinbera sé gott. Aðrir viðmælendur taka undir að samstarf sé gott en bæta megi upplýsingaflæði við barnaverndarnefnd og verklagsreglur heilsugæslu um samvinnu við skóla. Sveitarfélagið tryggir miðlun upplýsinga með myndun teyma um einstök mál. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að auka upplýsingaflæði við barnaverndarnefnd eins og kostur er og upplýsa um verklagsreglur vegna samstarfs heilsugæslu og skóla. |
| Eftirfylgni milli skólastiga | <ul style="list-style-type: none"> Almennt virðist sátt meðal viðmælenda um hvernig málefnum nemenda er fylgt eftir milli skólastiga. | |
| Aðgengi foreldra að gögnum/fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn | <ul style="list-style-type: none"> Almenn sátt virðist ríkja meðal viðmælenda í rýnihópi um aðgengi foreldra til að kynna sér gögn og fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn. Í könnun meðal foreldra kom fram að 40% þeirra, sem höfðu nýtt sér þjónustuna, sögðu sig hafa möguleika á að kynna sér gögn um eigin börn og að 56% hafi fengið afhent afrit af gögnum. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að tryggja aðgang foreldra að gögnum. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|---|--|
| Biðtími eftir greiningu og ráðgjöf á vegum sérfr. þ. sveitarf. | <ul style="list-style-type: none"> Misjafnar skoðanir komu fram meðal viðmælanda um lengd biðtíma vegna greiningar og ráðgjafar. Samkvæmt gögnum SKA er meðal biðtími eftir sálfræðiþjónustu vegna meðal mála einn mánuður. Fulltrúar sveitarfélagsins, skólastjórnendur og grunnskólakennarar í rýnihópi segja að biðtími eftir greiningu og ráðgjöf sé frá einum og upp í sex mánuði en fari eftir alvarleika mála. Aðrir viðmælendur segja að biðtími geti verið lengri, en það fari eftir hvaða greiningum óskad er eftir. Í viðhorfskönnun kennara tilgreina 42% leikskólakennara að biðtími eftir greiningu sé meira en ár. 36% leikskólakennara segja biðtíma eftir ráðgjöf vera 1-3 mánuði og 24% að hann sé 4-6 mánuðir. 39% grunnskólakennara segja að biðtími eftir greiningu sé 7-12 mánuðir og 30% að hann sé 4-6 mánuðir. 33% grunnskólakennara segja að biðtími eftir ráðgjöf sé 1-3 mánuðir og 29% að hann sé 4-6 mánuðir. 19% segja bið eftir ráðgjöf vera 1-3 vikur. Í könnun meðal foreldra, sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustuna, sögðu flestir biðtíma eftir greiningu (26%) vera einn til þrjú mánuðir. Flestir foreldra sögðu að biðtími eftir ráðgjöf (24%) væri ein til þrjár vikur, sama hlutfall svarenda taldi biðtíma eftir ráðgjöf vera meira en ár. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að vinna áfram að styttingu á biðtíma. |
| Aðgengi að tálkaþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Skólar sveitarfélagsins útvega sjálfir tálkaþjónustu. Að sögn viðmælanda skóla hefur orðið misbrestur á því hvort tálkaþjónusta hafi fengist þegar þörf er á. Í könnun meðal kennara kom fram að 44% leikskólakennara og 35% grunnskólakennara voru frekar eða mjög ósammála því að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti tálkaþjónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum. 56% kennara eru frekar eða mjög ósammála því að hún sé veitt til að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist nemendum. Í könnun meðal foreldra kom fram að 59% þeirra vissi ekki hvort sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti tálkaþjónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið skoði og hafi eftirlit með að aðgengi að tálkaþjónustu sé tryggt. |

3.2. Starfshættir sérfræðipjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|--|---|
| Ferli, verklagsreglur og verkferlar sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Ferli sérfræðipjónustu innan skóla sveitarfélagsins er breytilegt milli skóla. Misjafnt er hvort mál einstakra nemenda eru tekin upp í nemendaverndarráði eða þeim beint strax til SKA. Almenn leitarnæði er eftir aðstoð til stjórnenda sem síðan hafa samskipti við viðeigandi aðila í samstarfi við foreldra. Áður en beiðni er send inn til SKA leggja skólar fyrir viðeigandi skimanir sem þeir hafa aðgang að og spurningalista sem fylgja með beiðni. Í könnun meðal kennara kom fram að meirihluti þeirra (67% leikskólakennara og 63% grunnskólakennara) segja að kennari meti fyrst þörf nemenda fyrir stuðning. Eyðublöð, gátlistar, verklagsreglur og verkferlar SKA eru aðgengilegir á heimasíðu stofnunarinnar. Viðmælendur skóla og foreldrar í rýnihópi segja að ekki séu til formlegir verkferlar og verklagsreglur um sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Í viðhorfskönnun meðal kennara kemur fram að 44% leikskólakennara og 65% grunnskólakennara telja verkferla skóla vegna sérfræðipjónustu við nemendur vera kennurum aðgengilega, en 32% leikskólakennara og 35% grunnskólakennara telja þá aðgengilega foreldrum. Í könnun meðal foreldra kemur fram að 76% foreldra leikskólabarna og 70% foreldra grunnskólabarna veit ekki hvort verkferlar leikskóla og grunnskóla vegna sérfræðipjónustu við nemendur séu þeim aðgengilegir. | <ul style="list-style-type: none"> Skólaskrifstofa Austurlands og skólar sveitarfélagsins þurfa að kynna betur verklagsreglur og verkferla er varða sérfræðipjónustu. Starfsfólk skóla og foreldrar kynni sér þær upplýsingar sem aðgengilegar eru á heimasíðu SKA. |
| Stuðningur sérfræðipjónustu við forvarnarstarf | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að unnið sé að forvörnum með námskeiðahaldi, beinni ráðgjöf, skimun og valdeflingu innan skólanna. Fram kom meðal skólastjórnenda að unnið hafi verið að forvarnarstefnu sveitarfélagsins en henni hafi ekki verið lokið. Aðrir viðmælendur skóla segjast fá fræðslu í einstökum málum frá SKA en forvarnarstarf sé almennt á höndum skólanna. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að ljúka við forvarnarstefnu og kynna hana fyrir hlutaðeigandi aðilum. |
| Samráð við foreldra vegna greininga | <ul style="list-style-type: none"> Greiningar á nemendum eru gerðar í samráði við foreldra og með samþykki þeirra, og þeir upplýstir um niðurstöðuna. | . |
| Eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar | <ul style="list-style-type: none"> Eftirfylgni og árangur í þyngri málum er metinn með sérfræðingum er málið varðar. Viðmælendur skóla segja að farið sé yfir stöðu einstakra barna varðandi eftirfylgni og mat á teymisfundum, með einstaklingsnámskrá og ráðgjöf. Að sögn viðmælenda frá skólum og foreldrum skortir á eftirfylgni þegar um vægari mál er að ræða. | <ul style="list-style-type: none"> Auka þarf eins og kostur er eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar í vægari málum. |
| Almenn ráðgjöf og fræðsla til foreldra | <ul style="list-style-type: none"> Misjafnar skoðanir komu fram meðal viðmælenda á því hvort sérfræðipjónusta veiti almenna ráðgjöf til foreldra. Fulltrúar sveitarfélags segja að talsvert sé um að þeir veiti fræðslu til foreldra, þá oft í gegnum fundi hjá foreldrafélögum skóla og foreldrafærninámskeið fyrir foreldra barna í fyrsta bekk. Foreldrar í rýnihópi sögðust ekki fá almenna ráðgjöf og fræðslu. Í könnun meðal foreldra tilgreindu 27% að þeir væru frekar eða mjög sammála því að sérfræðipjónustan styddi við foreldra með ráðgjöf og 25% að hún styddi við foreldra með fræðslu. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið skoði aðkomu sína að almennri ráðgjöf og fræðslu til foreldra. |

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|---|---|
| Stuðningur við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð vegna lögbundinnar starfsemi | <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar sveitarfélagsins segja að þessi stuðningur sé á höndum sveitarfélagsins sjálf en ekki SKA, en SKA hefur haldið fræðslufundi ef eftir því hefur verið leitað. • Fræðslufulltrúi situr fundi skólaráðs og allar fundargerðir þurfa að fara fyrir fræðslunefnd. • Foreldrar í rýnihópi segja að ekki sé veittur stuðningur við foreldrafélög leik- og grunnskóla og foreldraráð leikskóla. | <ul style="list-style-type: none"> • Æskilegt er að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins skilgreini og geri grein fyrir og kynni enn frekar stuðning við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð. Ennfremur að þeir samræmi stuðning milli skólastiga. |

3.3. Samantekt

- Mikilvægt er að sveitarfélagið, Skólaskrifstofa Austurlands og skólar kynni hlutverk sitt og skyldur um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.
- Sveitarfélagið og skólar tryggi að kveðið sé á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá og að í símenntunaráætlun sé lögð áhersla á að efla þekkingu allra starfsmanna á viðfangsefnum reglugerðar.
- Skólar leiti leiða til þess að nemendur geti sótt aðstoð bæði utan og innan kennslustofunnar.
- Sveitarfélagið er hvatt til þess að skoða leiðir til þess að auka fjölbreyttan stuðning við starfsfólk skóla.
- Tryggja þarf að jafn aðgangur sé að sérfræðiþjónustu í skólum sveitarfélagsins.
- Auka þarf samstarf ríkis og sveitarfélags, m.a. vegna meðferðarúrræða og skorts á sérfræðingum vegna landfræðilegrar staðsetningar sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið tryggi aðgengi að tálkaþjónustu.
- Upplýsa þarf betur um verklagsreglur og verkferla varðandi sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Á heimasíðu Skólaskrifstofu Austurlands kemur ekki fram að hún starfi eftir lögum um leikskóla, mikilvægt er að svo sé.
- Sveitarfélagið er hvatt til þess að auka og upplýsa enn frekar um almenna ráðgjöf og fræðslu til foreldra.
- Sveitarfélagið og Skólaskrifstofa Austurlands skoði að útnefna tengilið innan SKA fyrir hvern skóla.

4. HAFNARFJARÐARBÆR

Hafnarfjarðarbær hefur skólastefnu frá árinu 2009. Þar kemur fram að stofnunum verði tryggður aðgangur að ráðgjöf og sérfræðiþjónustu sem taki mið af þörfum nemenda, forráðamanna þeirra og samfélagsins, þar á meðal kennslufræðilegri, sálfræðilegri og stjórnunarlegri ráðgjöf. Markmið ráðgjafar er öflugra skólastarf og aukið sjálfstæði starfsfólks skóla við úrlausn viðfangsefna. Ennfremur að unnið verði í anda Salamanca yfirlýsingarinnar um skólastarf án aðgreiningar.¹⁰

Sérfræðiþjónusta Hafnarfjarðarbæjar er rekin af sveitarfélaginu og heyrir undir Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, en hluta sérfræðiþjónustunnar er sinnt af starfsfólki skólanna. Hún sinnir 7 grunnskólum og 17 leikskólum. Markmið þjónustunnar er annars vegar veita börnum og foreldrum þeirra stuðning og hins vegar að styðja við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Skrifstofan starfar samkvæmt ákvæðum laga um grunnskóla og leikskóla, reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og reglugerðar um nemendur með sérþarfir.¹¹ Þeir starfsmenn Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem sinna sérfræðiþjónustu, hafa menntun á sviði kennslu-, uppeldis- eða félagsmála. Sérfræðiþjónustan annast greiningu, ráðgjöf og fræðslu vegna málefna nemenda.¹²

Störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðiþjónustu, eru samræmd í nemendaverndarráði grunnskóla. Sambærilegt ráð er í leikskólum. Stuðningur sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins vegna stefnu um *Skóla án aðgreiningar* felst fyrst og fremst í ráðgjöf frá sérdeildum, aðstoð frá skólaskrifstofu og kennslutímaúthlutun. Leikskólastjórar segja að almennt hafi leikskólar starfað eftir hugmyndafræði *Skóla án aðgreiningar* og að þeir séu ánægðir með stöðugildi sérkennslustjóra sem styðji þá við að vinna eftir stefnunni. Grunnskólastjórar segjast ekki fá nægilegan stuðning vegna stefnu um *Skóla án aðgreiningar*. Að sögn viðmælenda skóla þarf meira fjármagn, meiri og fjölbreyttari sérfræðiþekkingu innan skólans, meiri stuðning á faglegum sviðum ásamt meiri tíma til að geta framkvæmt stefnuna. Viðmælendur segja að starf kennara hafi breyst mikið vegna *Skóla án aðgreiningar*. Mikill tími fari í að sinna uppeldi, félagslegum málum og samskiptum við foreldra. Meiri vinnu, þekkingar, skýrsluskriða og fundarsetu sé krafist af kennurum. Grunnskólakennarar segja að verið sé að vinna úr og sinna málum einstakra nemenda á kostnað annarra. Foreldrar sögðu stefnuna virka betur í leikskólum en í grunnskólum en sögðust almennt telja að skólanir næðu ekki markmiði um *Skóla án aðgreiningar*.

¹⁰ Skólastefna Hafnarfjarðarbæjar

¹¹ Heimasiða Hafnarfjarðarbæjar

¹² Gögn frá sveitarfélaginu

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

19 af 24 leik- og grunnskólum í Hafnarfirði skiluðu gögnum varðandi símenntun og skólanámskrá, en þó vantaði hluta af gögnum frá einhverjum skólum. Misjafnt er hvort kveðið er á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá og hvort lögð er áhersla á að efla þekkingu starfsfólks á að leysa viðfangsefni reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga í símenntunaráætlun.

Nemendur grunnskóla, sem rætt var við, virtust ánægðir í skólanum. Þeir greindu frá því að misjafnt væri hvort nemendum skólans væri veitt nægileg aðstoð við nám. Hún væri þá aðallega veitt af umsjónarkennara í kennslustofu. Þeir sögðu að nemendur með líkamlega fötlun hefðu jafnan aðgang að stofum og leiksvæðum skóla. Ennfremur sögðu þeir misjafnt hvort nemendum grunnskóla væri veitt nauðsynleg aðstoð í tengslum við próf. Helst væru það nemendur með greiningu sem fengju lengri próftíma. Aðspurðir hverju þeir vildu breyta í tengslum við aðstoð við þá, svöruðu nemendur því til að of mikið væri um heimanám, samstarf og samráð vegna kennara um heimanám væri lítið, jafna þyrfti vinnuálag og upplýsingaflæði er varðar heimanám. Almennt segja nemendur misjöfn viðhorf vera meðal nemenda skólanna til sérkennslu. Þeir hvetja til að byrjað verði með almenna fræðslu strax í fyrsta bekk, þetta verði hluti af lífsleikni, kurteisi og almennum samskiptum. Áherslu þurfi að leggja á virkari eineltisfræðslu, m.a. með vinavikum og vinabekkjum.

4.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|--|---|
| Hversu vel er starfsfólk upplýst um innihald reglugerðar? | <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar sveitarfélagsins eru upplýstir um reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Þeir segja að skólastjórnendur séu ábyrgir fyrir því að koma upplýsingum um hana til starfsmanna sinna. • Aðrir viðmælendur segja að almennt sé fólk ekki upplýst um reglugerðina en flestir viti af henni og viti hvar hægt sé að nálgast upplýsingar um hana. | <ul style="list-style-type: none"> • Staðið verði fyrir árlegri kynningu á þeirri sérfræðipjónustu sem sveitarfélagið og skólar sinna, ásamt því að kynna reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga fyrir starfsmenn skóla og foreldra, t.d. með tölvupósti eða með öðrum hætti. |
| Stuðningur við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir | <ul style="list-style-type: none"> • Skólaskrifstofa styður við starfsfólk og skóla með ráðgjöf, stuðning og fræðslu og með sameiginlegum fundum stjórnenda og sérkennslustjóra/deildar- eða fagstjóra sérkennslu. • Viðmælendur segja að fræðsla fari einnig mikið fram innan skólanna. • Sveitarfélagið hjálpar þeim skólum sem það kjósa að innleiða agastefnu (SMT). • Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu stofnana og stuðpöjónustu innan sveitarfélagsins. • 58% leikskólakennara og 37% grunnskólakennara sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðipjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfshætti og starfsemi skóla. • 47% leikskólakennara og 21% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðipjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfsmenn skóla. • Þegar spurt var hvaða stuðning sérfræðipjónustan veitti tilgreindu flestir leikskólakennarar ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (49%), fræðslufundi og námskeið fyrir starfsfólk (48%) og ráðgjöf í kjölfar greiningar (44%). Flestir grunnskólakennarar nefndu fræðslufundi og námskeið fyrir starfsfólk (44%), ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (28%) og ráðgjöf í kjölfar greiningar (22%). • 65% leikskólakennara og 29% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að sveitarfélagið veiti starfsfólki skóla fræðslu til þess að efla þekkingu á því að leysa viðfangsefni reglugerðarinnar. 63% leikskólakennara og 25% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að skólinn geri það. | <ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélagið skoði enn frekar stuðning við starfsmenn og starfshætti skóla, þá sérstaklega grunnskóla. |
| Eftirlit sveitarfélags með því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> • Skólaskrifstofa fer með eftirlit með að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu. • Lögð er áhersla á teymisvinnu. Samráðsteymi er innan leikskóla og nemendaverndarráð innan grunnskóla. • Skólaskrifstofa kallar reglulega eftir upplýsingum frá skólum. • Sérfræðingar Skólaskrifstofu eiga árlega fundi með leikskólum auk annarra funda vegna einstakra nemenda. • Sérkennslustjórar/umsjónarmenn sérkennslu benda á að biðtími eftir greiningu geti verið langur. Ennfremur vanti fleira fagfólk innan Skólaskrifstofunnar sem sinni greiningum. | |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|--|---|
| Áherslur sveitarfélagsins við framkvæmd sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið leggur áherslu að styðja við skólastarf í einstaka skólum vegna nemenda með sérþarfir, m.a. með snemmtækri íhlutun, stuðningi við forvarnir í skólastarfinu og að skólar skili upplýsingum til Skólaskrifstofu. Áhersla er á heildstæða þjónustu við fjölskyldur og þverfaglega samvinnu. Sérfræðiþjónustan býður upp á stuðning og fræðslu við innleiðingu á SMT og PMT ásamt fræðslu um einstök málefni. | |
| Hvaða hlutverkum er ekki verið að sinna eða flækjustig í framkvæmd | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að auka þurfi samráð milli ríkis og sveitarfélaga um aukið hlutverk sveitarfélaga vegna ákvarðana stofnana á vegum ríkisins um breytta þjónustu er varðar sérfræðiþjónustu barna. Skólastjórnendur, sérkennslustjórar/umsjónarmenn sérkennslu, kennarar og foreldrar benda á að biðlistar eftir greiningu hjá Skólaskrifstofu séu langir og að í einhverjum tilfellum vanti fleira fagfólk innan skólanna og á Skólaskrifstofu. Ennfremur að auka þurfi fjármagn til sérfræðiþjónustu. Hjá hluta foreldra í rýnihópi kom fram að sérfræðiþjónusta við börn skerðist við tilfærslu barna milli leik- og grunnskóla. Þeir foreldrar sögðu að þegar barn hefji nám í grunnskóla þurfi þeir að byrja upp á nýtt og stundum vilji grunnskólar ekki byggja á þeim greiningum sem leikskólinn hafi framkvæmt. Í athugasemdum við yfirllestur segja fulltrúar sveitarfélagsins að greiningar séu alltaf nýttar. Skólastjórnendur og kennarar tóku fram að flækjustig sé að aukast með auknum kröfum um skýrslugerð og fundasetu. Það viðhorf kom fram í rýnihópi foreldra að flækjustig geti verið vegna staðsetningu sálfræðings innan hvers skóla. Ekki sé val um að leita til annars sálfræðings óski foreldrar eða nemandi eftir því. | <ul style="list-style-type: none"> Auka þarf samráð milli ríkis og sveitarfélaga vegna breyttrar þjónustu stofnana á vegum ríkisins. Leita þarf leiða til að létta á álagi starfsfólks Skólaskrifstofu og skóla. Sveitarfélagið skoði nýtingu greininga við tilfærslu þeirra milli leik- og grunnskóla svo nemendur njóti sömu þjónustu í leik- og grunnskóla. |
| Rými innan skólans til að veita sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Rými innan skóla sveitarfélagsins er misjafnt að sögn viðmælenda. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið reyni eins og kostur er að bæta aðgengi, aðbúnað og aðstöðu innan skólanna. |
| Samstarf sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúræði á vegum hins opinbera og hvernig sveitarfélagið tryggir gagnkvæma upplýsingamiðlun | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að samstarf sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og aðila sem annast samhæfð greiningar- og meðferðarúræði á vegum hins opinbera sé gott. En þegar grunnmat sérfræðiþjónustu fer frá sveitarfélagi til annarra aðila t.d. BUGL, geðlækna, Greiningarstöðvar ríkisins o.fl., taki í sumum tilfellum við löng bið til að halda úrvinnslu mála áfram. Sveitarfélagið tryggir miðlun upplýsinga með þverfaglegum teymum og snemmtækri íhlutun. Fulltrúar skóla sögðu að staða tengiliðs félagsþjónustu við skólana sé af hinu góða. Þó megi bæta upplýsingaflæði eins og hægt er milli skóla og barnaverndarnefndar ásamt því að huga betur að samstarfi við heilsugæslu. | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélags, barnaverndarnefndar og heilsugæslu leiti leiða til að bæta upplýsingaflæði eins og kostur er. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|---|---|
| Eftirfylgni milli skólastiga | <ul style="list-style-type: none"> Almennt virðist sátt meðal viðmælenda um hvernig málefnum nemenda er fylgt eftir á milli skólastiga. Þó kom fram að í einhverjum tilfellum hafi gögn leikskóla um einstaka nemendur ekki borist umsjónarkennara í grunnskóla. Fram kom meðal hluta foreldra í rýnihópi að sérfræðiþjónusta við einstaka nemendur hafi í einhverjum tilfellum skerst við tilfærslu þeirra frá leik- til grunnskóla. | <ul style="list-style-type: none"> Huga þarf betur að samráði hagsmunaaðila hvað varðar upplýsingaflæði milli skólastiga og tryggja að gögn nemenda berist viðkomandi umsjónarkennara. |
| Aðgengi foreldra að gögnum/fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn | <ul style="list-style-type: none"> Almenn virðist ríkja sátt meðal viðmælenda í rýnihópum um aðgengi foreldra til að kynna sér gögn og fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn. Foreldrar segja að huga þurfi betur að upplýsingaflæði til beggja foreldra óháð forsjá og/eða lögheimili. Í könnun meðal foreldra kom fram að 47% þeirra, sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustu, sögðu sig hafa möguleika á að kynna sér gögn um eigin börn. 46% segjast hafa fengið afhent afrit af gögnum. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið tryggi aðgengi foreldra að gögnum. Sveitarfélagið hugi betur að upplýsingaflæði til beggja foreldra óháð forsjá og/eða lögheimili, sbr. barnalög nr. 76/2003 og reglugerð nr. 897/2009. |
| Biðtími eftir greiningu og ráðgjöf á vegum sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins | <ul style="list-style-type: none"> Misjafnar skoðanir komu fram meðal viðmælenda um lengd biðtíma vegna greiningar. Fulltrúar sveitarfélagsins segjast telja að biðtími eftir þjónustu (aðallega sálfræðinga og talmeinafræðinga) geti verið frá einum mánuði upp í 10–12 mánuði eftir eðli máls. Sum mál fari strax í vinnslu framhjá biðlista ef eðli þeirra er þannig metið. Grunnskólastjórar telja biðtíma vera frá einum upp í sex mánuði. Aðrir viðmælendur telja biðtíma vera allt frá sex upp í tólf mánuði. Það sé þó misjafnt eftir ástæðum greininga. Í viðhorfskönnun kennara tilgreina 50% leikskólakennara biðtíma eftir greiningu vera 7-12 mánuði og 41% grunnskólakennara að biðtími eftir greiningu sé 1-3 mánuðir. 17% leikskólakennara segja biðtíma eftir greiningu vera meira en ár. 28% leikskólakennara sögðu biðtíma eftir ráðgjöf vera 4-6 mánuði og 26% að hann sé 1-2 mánuðir. 36% grunnskólakennara segja biðtíma eftir ráðgjöf vera 1-3 vikur og 33% að hann sé 1-3 mánuðir. Í könnun meðal foreldra, sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustu, sögðu 26% biðtíma eftir greiningu vera 1-3 mánuði. Hins vegar sögðu 23% þeirra hann vera meira en ár. 18% foreldra, sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustu, sögðu biðtíma eftir ráðgjöf vera 1-3 mánuði, 16% 7-12 mánuði og 15% meira en ár. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að leita leiða til að stytta biðtíma eftir greiningu eins og kostur er. |
| Aðgengi að túlkajónustu | <ul style="list-style-type: none"> Skólar sveitarfélagsins útvega sjálfir túlkajónustu og ríkti almenn sátt um hana meðal viðmælenda í rýnihópum. Þetta viðhorf staðfestist í könnun meðal kennara. Í könnun meðal foreldra kom fram að 72% vissu ekki hvort sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti túlkajónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið upplýsi foreldra um aðgengi að túlkajónustu. |

4.2. Starfshættir sérfræðipjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|---|---|
| Ferli, verklagsreglur og verkferlar sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Yfirmaður sérkennslu og/eða nemendaverndarráð/samráðsteymi setja af stað ferli innan skólanna í samráði við foreldra. Stefna sveitarfélagsins er að vinna eftir snemmtækri íhlutun. Skólar leggja fyrir nemendur videigandi matstæki áður en mál eru send til greiningar hjá Skólaskrifstofu. Skilafundir eru haldnir að greiningu lokinni og þeim fylgt eftir með teymisfundum ef við á. Í leikskólum er gerð krafa um að unnið sé með nemendum í þrjá mánuði áður en sótt er um greiningu. Í könnun meðal kennara kemur fram að meirihluti þeirra (56% leikskólakennara og 58% grunnskólakennara) segja að kennari meti fyrst þörf nemenda fyrir stuðning. Sveitarfélagið hefur reynt ef kostur er að veita tíma til stuðnings einstakra nemenda áður en greining liggur fyrir. Sveitarfélagið vinnur nú að endurskoðun á verklagsreglum og verkferlum er varða sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Foreldrar, kennarar og sérkennslustjórar/umsjónarmenn sérkennslu sögðu að kynna þurfi verkferla og verklagsreglur betur ásamt því að auka upplýsingaflæði. Í viðhorfskönnun meðal kennara kemur fram að 86% leikskólakennara og 79% grunnskólakennara telja verkferla skóla vegna sérfræðipjónustu við nemendur vera kennurum aðgengilega, en 58% leikskólakennara og 43% grunnskólakennara telja þá aðgengilega foreldrum. Í könnun meðal foreldra kemur fram að 78% foreldra leikskólabarna og 76% foreldra grunnskólabarna vita ekki hvort verkferlar leikskóla og grunnskóla vegna sérfræðipjónustu við nemendur séu þeim aðgengilegir. | <ul style="list-style-type: none"> Að lokinni endurskoðun þarf að kynna verkferla og verklagsreglur um sérfræðipjónustu sveitarfélagsins og upplýsa starfsmenn og foreldra. |
| Stuðningur sérfræðipjónustu við forvarnarstarf | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að sérfræðipjónustan sé virk í forvörnum og benda á áherslu á þverfaglegt samstarf. Einnig hafi verið áhersla á ferla, s.s. varðandi vímuefni, einelti, kynferðislegt ofbeldi, fræðslu um einstök mál o.fl. Viðmælendur taka undir að unnið sé að forvörnum í sveitarfélaginu en það sé líka mikið forvarnarstarf unnið á vegum skólanna. Þó megi gera betur. Stjórnendur grunnskóla benda á að staða forvarnarfulltrúa og æskulýðsfulltrúa sveitarfélagsins hafi verið sameinuð. Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins var staða forvarnarfulltrúa nýlega auglýst þar sem fyrri forvarnarfulltrúi hefur tekið við starfi æskulýðsfulltrúa. Fram kom meðal leikskólastjórnenda í rýnihópi að bæta megi forvarnir barna af erlendum uppruna. Áður hafi leikskólum verið gefinn kostur á að sækja um aukatíma vegna aðstoðar við þessi börn, s.s. málörvun en það hafi verið skorið niður 2008 eða 2009. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að skoða hvernig megi efla forvarnir enn frekar og gera starfið markvissara. Sveitarfélagið er hvatt til þess að huga að stuðningi við forvarnir barna af erlendum uppruna. |
| Samráð við foreldra vegna greininga | <ul style="list-style-type: none"> Greiningar á nemendum eru gerðar með samþykki og í samráði við foreldra og þeir upplýstir um niðurstöðuna. | |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|---|---|
| Eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar | <ul style="list-style-type: none"> Eftirfylgni og árangur í þyngri málum er metinn með sérfræðingum er málið varðar. Viðmælendur segja að farið sé yfir stöðu einstakra barna varðandi eftirfylgni og mat á teymisfundum, með einstaklingsnámskrá og ráðgjöf. Gerð er krafa til leikskóla um að skila inn einstaklingsnámskrám a.m.k einu sinni á ári. Fram kom meðal starfsmanna leikskóla að engin endurgjöf kæmi í kjölfarið. Að sögn leikskólakennara og foreldra í rýnihópum skortir á eftirfylgni þegar um vægari mál er að ræða. | <ul style="list-style-type: none"> Auka þarf eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar í vægari málum eins og kostur er. Sveitarfélagið er hvatt til þess að veita skólum endurgjöf vegna einstaklingsnámskráa sem kallað er eftir af Skólaskrifstofu. |
| Almenna ráðgjöf og fræðslu til foreldra | <ul style="list-style-type: none"> Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins vinna skólar og sérfræðiþjónustan saman að því að veita foreldrum ráðgjöf varðandi börn sín og nám þeirra, gjarnan í kjölfar greiningar, en sérstaklega er veitt þjónusta við foreldra vegna barna með hegðunarvanda heima/í skóla undir formerkjum PMT – foreldrafærni. Í könnun meðal foreldra sögðust 18% vera frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan styddi við foreldra með ráðgjöf og 16% að hún styddi við foreldra með fræðslu. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið skoði aðkomu sína að almennri ráðgjöf og fræðslu til foreldra. |
| Stuðningur við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð vegna lögbundinnar starfsemi | <ul style="list-style-type: none"> Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins hefur ekki veitt foreldrafélögum, foreldraráðum og skólaráðum ráðgjöf eða fræðslu vegna lögbundinnar starfsemi þeirra. Fulltrúar sveitarfélagsins segja að þjónustan sé veitt ef óskað er eftir henni. Verið sé að skoða hvernig megi styðja við þetta ferli samhliða endurskoðun skólanámskráa. Foreldrar og skólastjórnendur í rýnihópi sögðu að ef óskað væri eftir aðstoð frá sérfræðiþjónustunni væri hún veitt. | <ul style="list-style-type: none"> Æskilegt er að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins skilgreini og geri grein fyrir stuðningi við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð. Sveitarfélagið er hvatt til þess að halda áfram að skoða hvernig megi styðja við félögin/ráðin vegna starfsemi þeirra. |

4.3. Samantekt

- Mikilvægt er að Skólaskrifstofa og skólar kynni hlutverk sitt og skyldur um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið og skólar tryggi að kveðið sé á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá og að í símenntunaráætlun sé lögð áhersla á að efla þekkingu allra starfsmanna á viðfangsefnum reglugerðarinnar.
- Sveitarfélagið skoði enn frekar stuðning við starfsmenn og starfshætti skóla, sérstaklega grunnskóla.
- Huga þarf að viðhorfi og auknu upplýsingaflæði til nemenda um sérfræðiþjónustu við einstaka nemendur.
- Auka þarf samstarf ríkis og sveitarfélags vegna breyttrar þjónustu stofnana á vegum ríkisins.
- Mikilvægt er að stuðningur við börn sé óbreyttur við tilfærslu milli skólastiga.
- Sveitarfélagið kynni hagsmunaaðilum verkferla og verklagsreglur að lokinni endurskoðun.
- Sveitarfélagið er hvatt til þess að auka og upplýsa enn frekar um almenna ráðgjöf og fræðslu til foreldra.
- Stofnuð hafa verið samráðsteymi í leikskólum sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið hefur lagt áherslu á að búa til sameiginlegan vettvang fyrir starfsmenn til að hittast og ræða saman.

5. STYKKISHÓLMSBÆR

Stykkishólmshæfir hefur skólastefnu frá árinu 2010. Þar er kveðið á um að koma til móts við ólíkar þarfir hvers nemanda eins og mögulegt er, aðbúnaður og nám sé skipulagt þannig að það mæti þroska, getu og þörfum hvers og eins, börnunum sé tryggð snemmtæk íhlutun varðandi þroskafrávik af einhverjum toga eða vegna slæmra félagslegra aðstæðna o.fl.¹³

Stykkishólmshæfir hefur sameinast um rekstur sérfræðiþjónustu með öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi og nefnist hún Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga, en hluta sérfræðiþjónustunnar er sinnt af starfsfólki skólanna. Þjónustan er byggðasamlag fjögurra sveitarfélaga á Snæfellsnesi. Félags- og skólaþjónustan starfar á ábyrgð Félagsmálanefndar Snæfellinga.¹⁴ Markmið og hlutverk Félags- og skólaþjónustunnar er að veita leik- og grunnskólum aðildarsveitarfélaganna sérfræðiaðstoð sem byggist á gildandi ákvæðum laga og reglugerða um þessar stofnanir. Einnig að veita öllum aðilum skólasamfélagsins ráðgjöf, annast og skipuleggja sameiginlegt námskeiðahald og endurmenntun kennara og starfsfólks og styðja við forvarnarstarf í samvinnu við skólastofnanir, heilsugæslu, lögreglu, fagstofnanir og félagasamtök. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga þjónustar sjö skóla, fjóra leikskóla og þrjá grunnskóla. Starfsmenn Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga sem sinna sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins eru allir með menntun á sviði kennslu-, uppeldis- eða félagsmála. Þeir annast greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna málefna nemenda.¹⁵

Störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðiþjónustu eru samræmd í nemendaverndarráði grunnskóla. Ekki er sambærilegt ráð í leikskólanum. Þó veitir leikskólinn öðrum starfsmönnum en fagmenntuðum a.m.k. klukkustundar undirbúningstíma vikulega svo sinna megi málum einstakra nemenda betur. Að sögn viðmælenda eru skólar sveitarfélagsins að starfa eftir hugmyndafræði um *Skóla án aðgreiningar*. Að sögn fulltrúa Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga er skólum veitt sú þjónusta sem þeir þurfa til að starfa sem skólar án aðgreiningar. Þessu eru kennarar sem rætt var við ekki sammála, en að þeirra mati þurfa skólar sveitarfélagsins að hafa aðgang að þroskaþjálfva svo þeir geti talist skólar án aðgreiningar. Þó tóku fulltrúar grunnskólakennara fram að margir stuðningsfulltrúar væri starfandi við skólann, sem stuðlaði að því að skólinn starfaði án aðgreiningar. Fulltrúar grunnskólakennara voru ekki á einu máli um hvort einstaklingsnámskrár væru gerðar fyrir alla nemendur.

Bæði leik- og grunnskóli Stykkishólmshæfir skiluðu gögnum varðandi símenntun og skólanámskrá, en þó vantaði símenntunaráætlun frá grunnskólanum. Kveðið er á um

¹³ Heimasíða Stykkishólmshæfir

¹⁴ Heimasíða Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

¹⁵ Gögn frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá og lögð er áhersla á að efla þekkingu starfsfólks á að leysa viðfangsefni reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga í símenntunaráætlun leikskólans.

Nemendur grunnskóla sem rætt var við virtust ánægðir í skólanum. Þeir sögðu nemendur skólans fá nægilega aðstoð við nám, m.a. með heimanámstímum, fræðslu náms- og starfsráðgjafa, aðstoð sérkennara og stuðningsfulltrúa. Þeir sögðu einnig að aðstoð við einstaka nemendur væri almennt veitt utan kennslustofunnar. Ennfremur sögðu þeir að nemendum væru aðgengileg tæki og tól í prófum, s.s. tölvu sem les texta. Almennt sögðu nemendur að jákvætt viðhorf væri meðal nemenda skólans til sérkennslu.

5.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|--|--|
| Hversu vel er starfsfólk upplýst um innihald reglugerðar? | <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar sveitarfélagsins eru upplýstir um reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. • Skólastjóri grunnskólans sendi öllum kennurum reglugerðina í tölvupósti og þeim var ætlað að kynna sér hana. Þessu eru grunnskólakennarar sammála. • Í leikskólanum hefur reglugerðin ekki verið kynnt sem slík. Leikskólakennarar í rýnihópi segja að hún hafi verið kynnt lítillega á starfsmannafundi. • Mismunandi sjónarmið komu fram í rýnihópi foreldra um hvort þeir væru upplýstir um reglugerðina. | <ul style="list-style-type: none"> • Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga kynni starfsemi sína árlega fyrir starfsmönnum skóla og foreldra, svo og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. |
| Stuðningur við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir | <ul style="list-style-type: none"> • Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga eflir þekkingu starfsfólks með ráðgjöf og fræðslu þegar leitað er eftir henni. Ennfremur koma þeir á framfæri upplýsingum um áhugaverð námskeið. • Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga og grunnskólastjórnendur á Snæfellsnesi hafa samstarf um fræðslu vegna nýrrar aðalnámskrár. • Grunnskólakennarar í rýnihópi segja kennslufræðilega ráðgjöf Félags- og skólaþjónustunnar ekki nýtast nægilega vel. Þeir segjast einnig að öðru leyti ekki fá nægilega faglega ráðgjöf. • Starfsfólk leikskóla í rýnihópi sagði faglega ráðgjöf vera óverulega, m.a. þar sem enginn starfsmaður með menntun á sviði leikskólafræða er við störf hjá Félags- og skólaþjónustunni. • 83% leikskólakennara og 57% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfshætti og starfsemi skóla. • 33 % leikskólakennara og 57% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfsmenn skóla. • Dregið hefur úr stuðningi við nemendur með sértæka örðugleika þar sem ekki er starfandi þroskaþjálfari hjá Félags- og skólaþjónustunni. • Þegar spurt var hvaða stuðning sérfræðiþjónustan veitir, tilgreindu flestir leikskólakennarar ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (44%), ráðgjöf í kjölfar greiningar (33%) og ráðgjöf vegna kennslu nemenda (33%). Flestir grunnskólakennarar nefndu ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (60%), ráðgjöf í kjölfar greiningar (60%) og ráðgjöf vegna kennslu nemenda (60%). 29% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að sveitarfélagið veiti starfsfólki skóla fræðslu til þess að efla þekkingu á því að leysa viðfangsefni reglugerðarinnar. Enginn leikskólakennari var frekar eða mjög sammála fullyrðingunni. 17% leikskólakennara og 57% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að skólinn geri það. | <ul style="list-style-type: none"> • Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga hafi meira frumkvæði við að efla þekkingu starfsfólks með markvissari kynningum og námskeiðum sniðnum að þörfum skólanna. • Hvatt er til að skipulag kennslufræðilegar ráðgjafar frá Félags- og skólaþjónustunni verði endurskoðað. • Mikilvægt er að starfsmaður með menntun á sviði leikskólafræða sinni ráðgjöf og fræðslu í leikskólum. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|--|---|
| Eftirlit sveitarfélags með því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið hefur ekki formlegt eftirlit með því hvort nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu. Þó hefur Félags- og skólaþjónustan og skólanefnd kannað hvort skólar sveitarfélagsins hafi eineltisáætlun. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið fylgist betur með hvort nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu. |
| Áherslur sveitarfélagsins við framkvæmd sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið hefur engar sérstakar áherslur í tengslum við framkvæmd sérfræðipjónustu. Hjá starfsmönnum skólanna og foreldrum kom fram að í gegnum árin hefði sveitarfélagið staðið mjög vel að þjónustu við fatlaða nemendur. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið og skólar eru hvött til þess að skilgreina betur áherslur og verkaskiptingu varðandi sérfræðipjónustu samkvæmt reglugerð. |
| Hvaða hlutverkum er ekki verið að sinna eða flækjustig í framkvæmd | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar leikskóla í rýnihópi sögðu Félags- og skólaþjónustuna ekki sinna sérfræðipjónustu við leikskólann nægilega vel, m.a. þar sem ekki er aðgangur að sérmenntuðum starfsmanni á sviði leikskóla. Fulltrúar sveitarfélagsins sögðust hafa fengið ábendingu þar um og væri hún til skoðunar. Fram kom meðal viðmælenda í skóla að aðgengi að talmeinafræðingi væri ekki nægilegt. Ennfremur að æskilegt væri að auka viðveru sálfræðings þegar þörf krefði. Fulltrúar grunnskóla segja að kennsluráðgjöf virðist ekki alltaf nægilega markviss. Viðmælendur í skóla segja að þörf á þroskaþjálfu virðist vera til staðar í grunnskólanum. | <ul style="list-style-type: none"> Ákjósanlegt væri að auka samstarf Félags- og skólaþjónustunnar og kennara um skipulag kennsluráðgjafar. Huga þarf að því að nýr starfsmaður félagsþjónustu sem kemur í stað þroskaþjálfar geti veitt skólanum sambærilegan stuðning og þroskaþjálfari gerði. |
| Rými innan skólans til að veita sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Rými innan leikskólans til að veita sérfræðipjónustu er gott en í grunnskólanum vantar betri aðstöðu, að sögn viðmælenda. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið reyni eins og kostur er að bæta aðgengi, aðbúnað og aðstöðu innan grunnskólans. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|---|--|
| Samstarf sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarráðgjöf á vegum hins opinbera og hvernig sveitarfélagið tryggir gagnkvæma upplýsingamiðlun | <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúar sveitarfélagsins segja að samstarf sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarráðgjöf á vegum hins opinbera hafi batnað á síðastliðnum þremur árum. Aðrir viðmælendur taka undir þetta. • Fram kom meðal viðmælenda að biðtími eftir greiningu stofnana ríkisins væri í einhverjum tilvikum langur. • Upplýsingum er miðlað með fundum og skýrslum. • Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga sinnir sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu og barnaverndarmálum. • Fram kom í rýnihópum að ágætt samstarf væri milli skóla og heilbrigðisþjónustu og sé það að frumkvæði beggja aðila. | <ul style="list-style-type: none"> • Hvatt er til þess að sveitarfélag og ríki hafi samstarf um að leita leiða til að stytta biðtíma stofnana á vegum ríkisins eins og kostur er. |
| Eftirfylgni milli skólastiga | <ul style="list-style-type: none"> • Almenn sátt virðist ríkja meðal viðmælenda um eftirfylgni milli skólastiga. • Málum nemenda er fylgt eftir á milli skólastiga með skilafundum, gögnum og heimsóknunum. | |
| Aðgengi foreldra að gögnum/fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn | <ul style="list-style-type: none"> • Almenn sátt virðist ríkja sátt meðal viðmælenda um aðgengi foreldra til að kynna sér gögn og fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustunnar um eigin börn. Foreldrar í rýnihópi benda þó á að tungumálaerfiðleikar hindri suma erlenda foreldra við að nýta sér þau. • Í könnun meðal foreldra kom fram að 54% þeirra, sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustuna, sögðu sig hafa möguleika á að kynna sér gögn um eigin börn og hafi fengið afhent afrit af gögnum. | <ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélagið er hvatt til þess að tryggja aðgang foreldra að gögnum. |
| Biðtími eftir greiningu og ráðgjöf á vegum sérfr.þjónustu sveitarfélagsins | <ul style="list-style-type: none"> • Viðmælendur í rýnihópum sögðu að bið eftir greiningu og ráðgjöf væri almennt stutt. • Í viðhorfskönnun kennara tilgreina grunnskólakennarar biðtíma eftir greiningu vera 1-3 vikur (33%), 1-3 mánuði (33%) og 4-6 mánuði (33%). 50% þeirra segja biðtíma eftir ráðgjöf vera 1-3 vikur og 50% að hann sé 1-3 mánuðir. Tölur fyrir leikskólann voru ekki marktækar vegna fárra svara. • Í könnun meðal foreldra sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustuna sögðu flestir biðtíma eftir greiningu (31%) vera einn til þrjú mánuðir og ein til þrjár vikur eftir ráðgjöf (31%) . | |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|-------------------------|--|--|
| Aðgengi að túlkajónustu | <ul style="list-style-type: none"> Skólar sveitarfélagsins útvega sjálfir túlkajónustu. Það viðhorf kom fram meðal viðmælenda skóla að Félags- og skólaþjónustan gæti haft umsjón með að útvega túlka. Í könnun meðal kennara kom fram að 83% leikskólakennara og 14% grunnskólakennara voru frekar eða mjög ósammála því að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti túlkajónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. Í könnun meðal foreldra kom fram að 57% þeirra vissu ekki hvort sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti túlkajónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið hafi eftirlit með og tryggi aðgang að túlkajónustu. |

5.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|--|--|
| Ferli, verklagsreglar og verkferlar sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Skólastjórnendur sögðu að telji þeir þörf á sérfræðiþjónustu sé send inn skrifleg beiðni til Félags- og skólaþjónustu og að þeir hefðu aðgang að fleiri matstækjum en áður. Í könnun meðal kennara kom fram að meirihluti þeirra (56% leikskólakennara og 70% grunnskólakennara) segja að kennari meti fyrst þörf nemenda fyrir stuðning. Fram kom meðal kennara og foreldra í rýnihópi að þeir hefðu ekki verið upplýstir um ferli sérfræðiþjónustu hjá Félags- og skólaþjónustunni. Í viðhorfskönnun meðal kennara kemur fram að 50% leikskólakennara og 71% grunnskólakennara telja verkferla skóla vegna sérfræðiþjónustu við nemendur vera kennurum aðgengilega, en 33% leikskólakennara og 71% grunnskólakennara telja þá aðgengilega foreldrum. Í könnun meðal foreldra kemur fram að 61% foreldra leikskólabarna og 61% foreldra grunnskólabarna veit ekki hvort verkferlar leikskóla og grunnskóla vegna sérfræðiþjónustu við nemendur séu þeim aðgengilegir. | <ul style="list-style-type: none"> Mikilvægt er að verkferlar sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins séu skriflegir og aðgengilegir. |
| Stuðningur sérfræðiþjónustu við forvarnarsarf | <ul style="list-style-type: none"> Samkvæmt leikskólastjórnendum stóð Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga fyrir fræðslu um forvarnir fyrir foreldra eftir ósk um það frá leikskólanum. Forvarnarfulltrúar hafa verið nýttir við grunnskólann. Fram kom það viðhorf meðal viðmælenda að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga mætti vera meira leiðandi í þessum efnum. | Sveitarfélagið er hvatt til þess að skoða hvernig efla megi forvarnir enn frekar og gera starfið markvissara. |
| Samráð við foreldra vegna greininga | <ul style="list-style-type: none"> Greiningar á nemendum eru gerðar í samráði við foreldra og með skriflegu samþykki þeirra, að sögn viðmælenda. | |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|--|---|
| Eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar | <ul style="list-style-type: none"> Jákvætt viðhorf kom fram meðal viðmælenda um eftirfylgni og mat á árangri. Að sögn viðmælenda skóla er eftirfylgni sérfræðinga, s.s. sálfræðings og talmeinafræðings mikil þar sem sömu einstaklingar frá Félags- og skólaþjónustunni sinni leik- og grunnskóla. Einnig hafi þar áhrif að t.d. sé talmeinafræðingi útveguð aðstaða innan skóla til að sinna störfum sínum. | |
| Almenn ráðgjöf og fræðsla til foreldra | <ul style="list-style-type: none"> Félags- og skólaþjónustan stendur fyrir almennri ráðgjöf og fræðslu sé óskað eftir því. Skólastjórnendur sögðu að ekki væri formleg ráðgjöf og fræðsla frá Félags- og skólaþjónustunni til foreldra. Ef óskað væri eftir því væri hún þó veitt. Foreldrar í rýnihópi sögðu að þeim væri ekki veitt ráðgjöf og fræðsla af sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Í könnun meðal foreldra sögðust 42% vera frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan styddi við foreldra með ráðgjöf og 26% að hún styddi við foreldra með fræðslu. | |
| Stuðningur við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð vegna lögbundinnar starfsemi | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga greindi frá því að þessi þjónusta hefði ekki verið kynnt en hún væri veitt ef óskað væri eftir henni. Foreldrar í rýnihópi sögðu að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veitti ekki foreldrafélögum, foreldraráðum né skólaráðum stuðning vegna lögbundinnar starfsemi þeirra. Fram kom meðal viðmælenda í skóla að skólaráð grunnskóla hefði ekki þurft á stuðningi frá sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins að halda. Samkvæmt stjórnendum leikskóla hefur foreldrafélag leikskólans nýtt sér sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins í fyrirlestrum fyrir foreldra. | <ul style="list-style-type: none"> Æskilegt er að Félags- og skólaþjónustan skilgreini og geri grein fyrir stuðningi við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð. |

5.3. Samantekt

- Mikilvægt er að sveitarfélagið, Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga og skólar kynni hlutverk sitt og skyldur um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið og skólar tryggi að í símenntunaráætlun grunnskóla sé lögð áhersla á að efla þekkingu allra starfsmanna á viðfangsefnum reglugerðar.
- Sveitarfélagið og skólar eru hvattir til að skilgreina betur áherslur og verkaskiptingu varðandi sérfræðiþjónustu sbr. reglugerð.
- Sveitarfélagið tryggi jafnan aðgang að sérfræðiþjónustu milli skólastiga.
- Félags- og skólaþjónustan hafi meira frumkvæði að ráðgjöf og fræðslu.
- Sveitarfélagið hafi eftirlit með því að tryggur aðgangur sé að sérfræðiþjónustu.
- Tryggja þarf faglega þekkingu á sviði leikskóla hjá Félags- og skólaþjónustu.
- Gera þarf verkferla og verlagsreglur vegna sérfræðiþjónustu og upplýsa hagsmunaaðila.

6. VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð hefur ekki skólastefnu en gert er ráð fyrir gerð hennar í fjárhagsáætlun ársins 2014, að sögn bæjarstjóra. Sveitarfélagið starfrækir ekki eiginlega skólaskrifstofu. Starfsmenn skóla sjá um framkvæmd sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins ásamt sálfræðingi og talmeinafræðingi sem heimsækja skólana tvisvar á hverju skólaári. Sálfræðingur og talmeinafræðingur veita einnig ráðgjöf í gegnum síma og heimsækja skólana oftár ef óskað er eftir því. Í grunnskóla sveitarfélagsins hefur fagstjóri sérkennslu umsjón með sérfræðiþjónustu við nemendur, en aðstoðarleikskólastjóri sinnir því hlutverki í leikskólanum. Fagstjóri sérkennslu í grunnskóla og aðkeyptir sérfræðingar sem sinna sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins eru með menntun á sviði kennslu-, uppeldis- eða félagsmála. Fagstjóri sérkennslu hjá grunnskóla annast greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna málefna nemenda. Sálfræðingur og talmeinafræðingur annast greiningu og ráðgjöf.¹⁶ Svo virtist sem víða ættu viðmælendur erfitt með að gera greinarmun á skóla og sveitarfélagi sem veitanda þjónustunnar. Sumir virtust ekki átta sig á að sveitarfélagið fjármagnaði bæði úrræði skóla og miðlægrar þjónustu þar sem um hana var að ræða. Gögn um menntun þeirra starfsmanna leikskólans er sinna sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins bárust ekki úttektaraðilum.

Störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðiþjónustu eru samræmd í nemendaverndarráði grunnskólans. Ekki er sambærilegt ráð í leikskólanum. Að sögn skólastjórnenda stendur sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins mjög vel að stuðningi við *Skóla án aðgreiningar*. Sveitarfélagið og skólinn komi til móts við hvern einstakling eins og mögulegt sé. Í bekk þar sem margir einstaklingar þurfi aukna aðstoð er t.d. brugðist við með því að veita umsjónarkennara aðstoð, s.s. stuðningsfulltrúa. Þessu voru flestir kennarar sammála en aðrir bentu á að álag hefði aukist vegna margra nemenda með greiningar. Fram kom meðal flestra viðmælenda að sveitarfélagið hefði jákvætt viðhorf til skólans og kæmi til móts við hann væri leitað eftir því. Grunnskólinn í Vesturbyggð skilaði gögnum um símenntun og skólanámskrá en ekki bárust gögn frá leikskólanum. Kveðið er á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá og lögð er áhersla á að efla þekkingu starfsfólks á að leysa viðfangsefni reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga í símenntunaráætlun.

Nemendur grunnskóla sem rætt var við virtust ánægðir í skólanum. Þeir sögðu að nemendum skólans væri veitt nægileg aðstoð við nám, m.a. aðstoð sérkennara og stuðningsfulltrúa. Einnig sögðu þeir að aðstoð við nemendur væri veitt bæði innan og utan kennslustofunnar. Nemendur sögðu að þeim væri veitt nauðsynleg aðstoð í tengslum við próf. Almennt sögðu nemendur að jákvætt viðhorf væri meðal nemenda skólans til sérkennslu.

¹⁶ Gögn frá Grunnskóla Vesturbyggðar

6.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|---|---|
| Hversu vel er starfsfólk upplýst um innihald reglugerðar? | <ul style="list-style-type: none"> Skólastjórnandi grunnskóla og fulltrúar sveitarfélagsins segja að reglugerð hafi verið kynnt fyrir starfsmönnum grunnskóla, sérstaklega þeim sem hafa þurft að nýta sérfræðiþjónustu. Leikskólastjóri sagði að kynningu á reglugerð væri ábótavant á leikskólanum en aðstoðarskólastjóri sem fer með þessi mál væri upplýstur um hana. Þessu eru leikskólakennarar í rýnihópi sammála. | <ul style="list-style-type: none"> Staðið verði fyrir árlegri kynningu á þeirri sérfræðiþjónustu sem sveitarfélagið og skólarnir sinna ásamt kynningu á reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, fyrir starfsmenn skóla og foreldra. |
| Stuðningur við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja sveitarfélagið jákvætt fyrir því að efla þekkingu starfsfólks, t.d. með veitingu fjármagns en hefur sjálf ekki frumkvæði að því. Grunnskólakennarar í rýnihópi segja að kennslufræðileg ráðgjöf mætti vera meiri. 20% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfshætti og starfsemi skóla. Allir leikskólakennara sem tóku afstöðu til spurningarinnar svöruðu veit ekki. 20% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfsmenn skóla. Allir leikskólakennara sem tóku afstöðu til spurningarinnar svöruðu veit ekki. Þegar spurt var hvaða stuðning sérfræðiþjónustan veitti tilgreindu flestir grunnskólakennarar ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (54%), ráðgjöf vegna kennslu nemenda (38%), fræðslufundi og/eða námskeið (23%) og ráðgjöf í kjölfar greiningar (23%). Flestir leikskólakennarar (20%) tilgreindu ráðgjöf þegar óskað er eftir henni, fræðslufundi og/eða námskeið og ráðgjöf í kjölfar greiningar. 30% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að sveitarfélagið veiti starfsfólki skóla fræðslu til þess að efla þekkingu á því að leysa viðfangsefni reglugerðarinnar og 60% því að skólinn geri það. 25% leikskólakennara er mjög ósammála því að sveitarfélagið og/eða skólinn veiti starfsfólki skóla fræðslu til þess að efla þekkingu á því að leysa viðfangsefni reglugerðarinnar, 75% svöruðu veit ekki. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið hafi frumkvæði að því að efla þekkingu og fræðslu starfsfólks eins og kostur er. Sveitarfélagið efli kennslufræðilega ráðgjöf við grunnskóla og veiti leikskólanum frekari faglega ráðgjöf. |
| Eftirlit sveitarfélags með því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Fræðslunefnd fer með eftirlitshlutverk sveitarfélagsins varðandi sérfræðiþjónustu. Hún fylgist með því í gegnum fundi með skólastjórnendum og skýrslur frá grunn- og leikskóla hvort nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu. Þetta staðfesta skólastjórnendur. Formaður fræðslunefndar hefur áhuga á að efla eftirlitshlutverk nefndarinnar. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að efla eftirlitshlutverk fræðslunefndar. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|--|--|
| Áherslur sveitarfélagsins við framkvæmd sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Áherslur sveitarfélagsins í tengslum við framkvæmd sérfræðipjónustu eru lesblinda, greiningar og að meta stöðu nemenda. Ekki voru allir viðmælendur meðvitaðir um áherslur sveitarfélagsins í þessum efnum. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið og/eda skólar kynni með skýrari hætti áherslur varðandi sérfræðipjónustu. |
| Hvaða hlutverkum er ekki verið að sinna eða flækjustig í framkvæmd | <ul style="list-style-type: none"> Það viðhorf kom fram meðal viðmælenda skóla að viðvera sálfræðings og talmeinafræðings væri of lítil. Fram kom það viðhorf meðal kennara í rýnihópi að sérfræðipjónustan væri fjarlæg og myndi gagnast betur ef hún væri nær skólunum. Foreldrar í rýnihópi sögðu að ráðgjöf og upplýsingar í kjölfar greiningar væru ónógar. Skólastjórnendur segja að skortur sé á upplýsingamiðlun milli aðila innan sveitarfélagsins um eftirfylgni með nemendum í kjölfar greininga. Foreldrar í rýnihópi sögðu þörf vera fyrir fræðslu um hvað sérfræðipjónustan hefur upp á að bjóða fyrir nemendum, starfsfólk og foreldra. Fram kom hjá öllum viðmælendum að lítið samstarf væri milli skólanna og heilsugæslunnar og úr því þyrfti að bæta. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið og skólar upplýsi hagsmunaaðila um hlutverk sitt og skyldur í tengslum við sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Hugað sé betur að upplýsingamiðlun og eftirfylgni. Skodað verði hvort viðvera sérfræðinga sé nægileg. Sveitarfélagið hafi frumkvæði að því að efla samstarf heilsugæslu og skólanna. |
| Rými innan skólans til að veita sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Rými er innan grunnskólans til þess að veita sérfræðipjónustu en ekki innan leikskólans, að sögn viðmælenda. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið reyni eins og kostur er að bæta aðgengi, aðbúnað og aðstöðu innan leikskólans. |
| Samstarf sérfræðipj. sveitarfél. og aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúræði á vegum hins opinbera og hvernig sveitarfélagið tryggir gagnkvæma upplýsingamiðlun | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að samstarf sérfræðipjónustu sveitarfélagsins og aðila sem annast samhæfð greiningar- og meðferðarúræði á vegum hins opinbera sé gott. Biðtími eftir greiningum sé langur en þegar samband sé komið á milli aðila sé samstarfið gott. Undir þetta taka aðrir viðmælendur. Upplýsingum er miðlað með fundum og skýrslum. Fram kom það viðhorf meðal viðmælenda skóla að þörf væri á að bæta samstarf og upplýsingaflæði milli skóla, barnaverndarnefndar og félagsþjónustu. | <ul style="list-style-type: none"> Skólar, barnaverndarnefnd og félagsþjónusta leiti leiða til að bæta eins og kostur er upplýsingaflæði og samstarf sín á milli. |
| Eftirfylgni milli skólastiga | <ul style="list-style-type: none"> Almennt virðist sátt meðal viðmælenda um hvernig málefnum nemenda er fylgt eftir á milli skólastiga. Haldnir eru skilafundir þar sem grunnskóla eru afhent gögn frá leikskólanum. Málum nemenda er fylgt eftir upp í framhaldsskóla sé óskað eftir því, að gefnu samþykki foreldra. | |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|---|---|
| Aðgengi foreldra að gögnum / fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn | <ul style="list-style-type: none"> Ólík sjónarmið komu fram meðal foreldra í rýnihópi hvort þeir hefðu aðgengi að gögnum um börn sín og hvort þeir hefðu möguleika á að fá afrit af þeim. Í könnun meðal foreldra kom fram að 63% þeirra, sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustu, sögðust ekki hafa möguleika á að kynna sér gögn um eigin börn og hefðu ekki fengið afhent afrit af gögnum. | <ul style="list-style-type: none"> Mikilvægt er að sveitarfélagið og skólar tryggja aðgang foreldra að gögnum um börn sín. |
| Biðtími eftir greiningu og ráðgjöf á vegum sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins | <ul style="list-style-type: none"> Viðmælendur segja að bið eftir greiningu sálfræðings eða talmeinafræðings sé almennt um 2-6 mánuðir og ráðist hún að mestu af því hversu langt sé í heimsókn þeirra í skólann, en þeir heimsæki skólann einu sinni á hverri önn. Biðtími eftir greiningu sem framkvæmd er af starfsfólki skóla og ráðgjöf frá sérfræðingum sé stutt. Í viðhorfskönnun kennara tilgreina 88% grunnskólakennara biðtíma eftir greiningu vera 1-3 mánuði og 89% biðtíma eftir ráðgjöf vera 1-3 mánuðir. Í viðhorfskönnun tilgreina 50% leikskólakennara biðtíma eftir bæði greiningu og ráðgjöf vera meira en ár, 25% 7-12 mánuði og 25% 1-3 vikur. Í könnun meðal foreldra, sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustu, tilgreindu 25% að biðtími eftir greiningu væri 1-3 mánuðir, sama hlutfall svarenda taldi biðtíma eftir greiningu vera meira en ár. 25% foreldra sögðu að biðtími eftir ráðgjöf væri enginn, sama hlutfall svarenda taldi biðtíma eftir ráðgjöf vera lengri en ár. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að leita leiða til þess að stytta biðtíma eftir greiningu eins og kostur er og skoða í því samhengi hvort viðvera sérfræðinga sé nægileg. |
| Aðgengi að túlkajónustu | <ul style="list-style-type: none"> Skólar sveitarfélagsins útvega sjálfir túlkajónustu og eru misjafnar skoðanir á henni meðal viðmælenda. Þjónustan er almennt veitt gegnum síma en einnig hefur verið kallaður til starfsmaður skólans sem er af pólsku þjóðerni. Í könnun meðal kennara kom fram að 60% grunnskólakennara voru frekar eða mjög ósammála því að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti túlkajónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. 25% leikskólakennara voru frekar eða mjög ósammála því að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti túlkajónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. 50% svöruðu veit ekki. Í könnun meðal foreldra kom fram að 62% vissu ekki hvort sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veitir túlkajónustu til að tryggja að upplýsingar og/eða ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið upplýsi foreldra um aðgengi að túlkajónustu. Mikilvægt er að settar séu verklagsreglur um að hvaða leyti æskilegt sé að nota starfsmann skólans sem túlk í málum einstakra nemenda. |

6.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|---|--|
| Ferli, verklagsreglur og verkferlar sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Fagstjóri sérkennslu grunnskóla og aðstoðarleikskólastjóri í leikskóla setja af stað ferli ef þörf er á greiningu og hafa samband við sérfræðinga. Sveitarfélagið stuðlar að því að skólar hafi viðeigandi matstæki og ráðgjöf við framkvæmd og eftirfylgni. Í könnun meðal kennara kom fram að 62% grunnskólakennara segja að kennari meti fyrst þörf nemenda fyrir stuðning. Að sögn foreldra í rýnihópi eru ferlar sérfræðiþjónustu ekki til, né aðgengilegir þeim. Þessu eru fulltrúar leikskólakennara sammála. Grunnskólakennarar í rýnihópi segja að þeir séu upplýstir um ferli sérfræðiþjónustu. Þeim hafi verið sendar upplýsingar vegna þessa í tölvupósti og umfjöllun sé í skólanámskrá. Leikskólastjóri segir að verklagsreglur og verkferlar séu ekki til og því hvorki aðgengileg starfsfólki né foreldrum. Í viðhorfskönnun meðal kennara kemur fram að 50% grunnskólakennara og enginn leikskólakennari segir verkferla skóla vegna sérfræðiþjónustu við nemendur vera kennurum aðgengilega, en 50% grunnskólakennara og 50% leikskólakennara telja þá aðgengilega foreldrum. Í könnun meðal foreldra kemur fram að 48% foreldra leikskólabarna og 63% foreldra grunnskólabarna vita ekki hvort verkferlar leikskóla og grunnskóla vegna sérfræðiþjónustu við nemendur séu þeim aðgengilegir. | <ul style="list-style-type: none"> Efla þarf verkferla og verklagsreglur um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins, auka aðgengi þeirra og upplýsa hagsmunaaðila. |
| Stuðningur sérfræðiþjónustu við forvarnarstarf | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að forvarnarstarf sé á höndum skólanna en sveitarfélagið styðji við það fjárhagslega. Þessu voru aðrir viðmælendur sammála. Kennarar í rýnihópi segja að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti ekki annan stuðning en fjárhagslegan við forvarnarstarf. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið og skólar eru hvattir til þess að skoða hvernig megi efla forvarnir enn frekar og gera starfið markvissara. |
| Samráð við foreldra vegna greininga nemenda | <ul style="list-style-type: none"> Greiningar á nemendum eru gerðar í samráði við foreldra og með samþykki þeirra og þeir upplýstir um niðurstöðuna. Það viðhorf kom fram meðal foreldra í rýnihópi að misjafnt væri hversu vel foreldrar væru upplýstir um niðurstöður greininga er varða börn þeirra. | <ul style="list-style-type: none"> Mikilvægt er að eins sé staðið að upplýsingamiðlun um niðurstöður greininga til allra foreldra. |
| Eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar | <ul style="list-style-type: none"> Aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á eftirfylgni og mati á árangri í kjölfar greininga á nemendum leikskóla. Í grunnskólanum er þetta í höndum sérkennara og nemendaverndarráðs. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið auki eftirlit með eftirfylgni og mati á árangri í kjölfar greininga. |
| Almenn ráðgjöf og fræðsla til foreldra | <ul style="list-style-type: none"> Foreldrar í rýnihópi sögðu að almenn ráðgjöf og fræðsla til foreldra frá sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins væri ekki virk. Þó kom fram að kennarar hefðu staðið fyrir fræðslu á skólafundi að hausti, s.s. fræðslu um uppbyggingarstefnuna. Í könnun meðal foreldra sögðust 4% vera frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan styddi við foreldra með ráðgjöf og 4% að hún styddi við foreldra með fræðslu. Fulltrúar sveitarfélagsins sögðu að sveitarfélagið væri að uppfylla þetta hlutverk sitt m.a. með því að fjármagna fyrirlestra. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið skodi aðkomu sína að almennri ráðgjöf og fræðslu til foreldra. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|---|--|
| Stuðningur við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð vegna lögbundinnar starfsemi | <ul style="list-style-type: none"> Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins hefur ekki veitt foreldrafélögum, foreldraráðum og skólaráðum ráðgjöf eða fræðslu vegna lögbundinnar starfsemi þeirra. Foreldrar í rýnihópi segja að foreldrafélag grunnskóla sé ekki virkt. Fulltrúar sveitarfélagsins sögðu að sveitarfélagið væri að uppfylla þetta hlutverk sitt m.a. með því að fjármagna fyrirlestra. | <ul style="list-style-type: none"> Æskilegt er að sveitarfélagið og skólar skilgreini og geri grein fyrir stuðningi við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð. |

6.3. Samantekt

- Mikilvægt er að sveitarfélagið og skólar kynni hlutverk sitt og skyldur um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið og leikskóli tryggi að kveðið sé á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá og að í símenntunaráætlun sé lögð áhersla á að efla þekkingu allra starfsmanna á viðfangsefnum reglugerðar.
- Gera þarf aðgengilega verkferla og verklagsreglur vegna sérfræðiþjónustu og upplýsa hagsmunaaðila.
- Sveitarfélagið er hvatt til þess að skoða leiðir til að auka fjölbreyttan stuðning við starfsmenn, starfshætti og starfsemi skóla.
- Sveitarfélagið kynni með skýrari hætti áherslur varðandi sérfræðiþjónustu.
- Skodað verði hvort hægt sé að leita leiða til að auka viðveru sérfræðinga.
- Sveitarfélagið leiti leiða til að efla samstarf og upplýsingaflæði milli skóla, félagsþjónustu, barnaverndarnefndar og heilsugæslu.
- Sveitarfélag bæti ráðgjöf og upplýsingar til foreldra í kjölfar greiningar
- Mikilvægt er að aðgengi foreldra að gögnum sé tryggt.
- Sveitarfélagið tryggi eftirlit með eftirfylgni og mat á árangri.
- Sveitarfélagið hafi eftirlit með og tryggi aðgengi að tálkaþjónustu.
- Sveitarfélagið efli enn frekar eftirlitshlutverk sitt, s.s. varðandi forvarnir, stuðning við skóla og starfsfólk og eftirlit, eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar.
- Sveitarfélagið er hvatt til þess að auka og upplýsa enn frekar um almenna ráðgjöf og fræðslu til foreldra.

7. ÞINGEYJARSVEIT

Þingeyjarsveit hefur skólustefnu frá árinu 2013. Þar segir að öll börn eigi jafnan rétt til náms og uppeldis, óháð líkamlegu og andlegu atgervi, að skólabyggingar og skólaumhverfi uppfylli lagalegar kröfur til að mæta þörfum til uppeldis, náms og kennslu á hverjum tíma og að vinna með faglegum og markvissum hætti að forvarnarmálum í skólunum. Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins skiptist í tvennt, annars vegar skólaþjónusta Stórutjarnaskóla og hins vegar skólaþjónusta Þingeyjarskóla. Þjónustan er á höndum skólastjórnenda og ráða þeir utanaðkomandi sérfræðinga. Ennfremur er samningur milli skólaþjónustunnar og Háskólans á Akureyri um fræðslu og stuðning við skólana. Leik- og grunnskólar sveitarfélagsins eru samreknir. Misjafnt er milli skóla hver hefur umsjón með sérfræðiþjónustu við nemendur, en það er ýmist sérkennslustjóri/umsjónarmaður sérkennslu eða skólastjórnandi. Fram kom í rýnihópum að sérkennslustjóri/umsjónarmaður sérkennslu og skólastjórnendur væru ekki menntaðir í sérkennslufræðum. Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins sem skólarnir veita annast greiningu, ráðgjöf og í einstaka tilvikum meðferð. Störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna á grunnskólastigi er lúta að sérfræðiþjónustu eru samræmd í nemendaverndarráði.

Annar af tveimur skólum í Þingeyjarsveit skilaði gögnum varðandi símenntun og skólanámskrá. Kveðið er á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá en ekki er lögð áhersla á í símenntunaráætlun að efla þekkingu starfsfólks á að leysa viðfangsefni reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Þar sem skólastjórnendur bera ábyrgð á og fara með sérfræðiþjónustu sinna skóla telja þeir sig hafa ákveðið frelsi til þess að framfylgja stefnu um *Skóla án aðgreiningar*. Þeir segja þó að fundum hafi fjölgað og skýrslugerð aukist á kostnað tíma kennara til undirbúnings. Ennfremur að meiri tími fari í sérkennslu ásamt því að sálfræðiaðstoð hafi aukist. Þessu eru fulltrúar sveitarfélagsins sammála. Starfsmenn skóla segja að starf kennara hafi breyst með tilkomu stefnu um *Skóla án aðgreiningar*. Meiri vinnu, þekkingar, skýrsluskrafa og fundarsetu sé krafist af kennurum. Foreldrar benda á að þar sem um fámennari bekki sé að ræða, samkennslu og einstaklingsmiðað nám, sé auðveldara að framfylgja stefnu um *Skóla án aðgreiningar*.

Nemendur grunnskóla, sem rætt var við, virtust ánægðir í skólanum. Þeir sögðu að nemendum skólans væri veitt nægileg aðstoð við nám, m.a. þar sem fáir nemendur væru í hverjum bekk. Aðstoð veittu aðallega umsjónarkennari eða fagkennarar á unglingastigi. Þeir sögðu að aðstoð við nemendur færi fram innan og utan kennslustofunnar og að nemendur með líkamlega fötlun hefðu jafnan aðgang að stofum og leiksvæðum skóla. Ennfremur sögðu þeir að nemendum grunnskóla væri veitt nauðsynleg aðstoð í tengslum við próf. Almennt sögðu nemendur að jákvætt viðhorf væri meðal nemenda skólans til sérkennslu en að veita mætti þeim frekari upplýsingar og leiðbeiningar vegna nemenda með sérþarfir.

7.1. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|--|---|
| Hversu vel er starfsfólk upplýst um innihald reglugerðar? | <ul style="list-style-type: none"> Reglugerðin er tekin fyrir á fræðslunefndarfundum þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa, að sögn fulltrúa sveitarfélagsins. Skólastjórnendur og umsjónarmaður sérkennslu telja að ekki sé farið markvisst yfir reglugerð. Aðrir viðmælendur voru ekki upplýstir um innihald hennar. | <ul style="list-style-type: none"> Staðið verði fyrir árlegri kynningu á þeirri sérfræðiþjónustu sem sveitarfélagið og skólar sinna, ásamt því að kynna reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga fyrir starfsmönnum skóla og foreldrum. |
| Stuðningur við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir | <ul style="list-style-type: none"> Skólaþjónusta skólanna eflir skóla sem faglegar stofnanir og styður við starfsemi og starfshætti skóla með samningi við Háskólann á Akureyri (HA) ásamt því að skólar sækja sér sjálfir þjónustu þeirra sérfræðinga sem þeir telja þörf á. Kennarar grunnskóla og hluti leikskólakennara í rýnihópi segjast sáttir við kennslufræðilega ráðgjöf. Aðrir kennarar leikskóla í rýnihópi segja að utanumhald þurfi að vera meira. 36% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfshætti og starfsemi skóla. 21% grunnskólakennara, sem svöruðu könnuninni, voru frekar eða mjög sammála því að sérfræðiþjónustan veiti fjölbreyttan stuðning við starfsmenn skóla. Þegar spurt var hvaða stuðning sérfræðiþjónustan veitir tilgreindu flestir grunnskólakennarar fræðslufundi og/eða námskeið (53%), ráðgjöf þegar óskað er eftir henni (35%) og ráðgjöf í kjölfar greiningar að frumkvæði sérfræðiþjónustu (29%). 29% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að sveitarfélagið veiti starfsfólki skóla fræðslu til þess að efla þekkingu á því að leysa viðfangsefni reglugerðarinnar, 57% grunnskólakennara eru frekar eða mjög sammála því að skólinn geri það. Tölur úr leikskóla voru ekki marktækar í könnuninni vegna fárra svara. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að jafna kennslufræðilega ráðgjöf meðal skóla og auka utanumhald. Sveitarfélagið kynni betur samning við HA fyrir starfsmönnum skóla svo efla megi fræðslu. |
| Eftirlit sveitarfélags með því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Fræðslunefnd hefur eftirlit með að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu. Samningur er við HA um greinabundna ráðgjöf, aðrir sérfræðingar eru verktakar á vegum skólanna. Skólastjórnendur segja að ekki séu gerðar úttektir á því hvernig gengur og ekki sé eftirlit með þessu nema frá skólanum sjálfum. Þeir veiti að vísu upplýsingar til Fræðslunefndar sem spyrji einstaka sinnum út í þær. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið er hvatt til þess að sinna betur eftirliti með framkvæmd sérfræðiþjónustu innan skólanna. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|---|--|---|
| Áherslur sveitarfélagsins við framkvæmd sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Samkvæmt fulltrúum sveitarfélagsins er það í höndum skólanna sjálfra að útfæra sínar áherslur. Skólastjórnendur nefna engar sérstakar áherslur en eru sammála því að þetta sé á ábyrgð skólanna. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið og skólar eru hvött til þess að skilgreina betur áherslur og verkaskiptingu um sérfræðiþjónustu samkvæmt reglugerð. |
| Hvaða hlutverkum er ekki verið að sinna eða flækjustig í framkvæmd | <ul style="list-style-type: none"> Skólastjórnendur bera ábyrgð á og fara með sérfræðiþjónustu innan síns skóla. Skortur er á verklagsreglum og verkferlum um framkvæmd sérfræðiþjónustu. Leikskólakennarar í rýnihópi segja að það skorti á þjónustu og upplýsingaflæði um sérfræðiþjónustu. Kennarar í rýnihópi segja að skólastjórnendur og umsjónarmaður sérkennslu séu ekki sérkennslumenntaðir. Í öðrum skóla sveitarfélagsins er sérstakur aðili sem heldur utan um sérkennslu en ekki í hinum skólanum. Foreldrar í rýnihópi segjast ekki upplýstir um framkvæmd sérfræðiþjónustu og segja hana flókna, ásamt því að þeir eigi engan tengilið innan skólans sem þeir geti leitað til. Fulltrúar foreldra frá öðrum skóla sveitarfélagsins í rýnihópi segja að þeir hafi ekki verið upplýstir um breytingar á sérfræðiþjónustunni við tilfærslu frá Norðurþingi í skólann sjálfan. | <ul style="list-style-type: none"> Efla þarf verkferla og verklagsreglur um framkvæmd sérfræðiþjónustu. Sveitarfélagið þarf að kanna leiðir til að tryggja jafnan aðgang skólastiga að sérfræðiþjónustunni og eftirlit með henni. Tryggja þarf aðgang og jafna aðgengi að sérkennslustjóra eða umsjónarmanni sérkennslu í báðum skólum ásamt því að útnefna tengilið fyrir foreldra varðandi málefni barna þeirra. Þörf er á að upplýsa foreldra um breytt fyrirkomulag sérfræðiþjónustu. |
| Rými innan skólans til að veita sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Rými innan skóla sveitarfélagsins er misjafnt, að sögn viðmælenda. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið reyni eins og kostur er að bæta aðgengi, aðbúnað og aðstöðu innan skólanna. |
| Samstarf sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum hins opinbera og hvernig sveitarfélagið tryggir gagnkvæma upplýsingamiðlun | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að samstarf þessara aðila sé í lagi, en biðlistar hjá stofnunum ríkisins geti verið vandamál. Bæta megi upplýsingaflæði við Barnaverndarnefnd sem er rekin undir Norðurþingi. Skólastjórnendur taka undir þetta. Sátt virðist um samskipti við aðrar stofnanir. | <ul style="list-style-type: none"> Hvatt er til þess að komið verði á samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga til að leysa úr vanda vegna biðlista. Fulltrúar sveitarfélags og barnaverndarnefndar leiti leiða til að bæta upplýsingaflæði eins og kostur er. |
| Eftirfylgni milli skólastiga | <ul style="list-style-type: none"> Sátt virðist ríkja um hvernig málefnum nemenda er fylgt eftir á milli skólastiga | |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|---|--|
| Aðgengi foreldra að gögnum/fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn | <ul style="list-style-type: none"> Almenn sátt virðist ríkja meðal viðmælenda í rýnihópi um aðgengi foreldra til að kynna sér gögn og fá afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustunnar er varða börn þeirra. Í könnun meðal foreldra kom hins vegar fram að 29% foreldra, sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustu, sögðu sig ekki hafa möguleika á að kynna sér gögn um eigin börn. 58% segjast ekki hafa fengið afhent afrit af gögnum. | <ul style="list-style-type: none"> Mikilvægt er að sveitarfélagið tryggji aðgang foreldra að gögnum um eigin börn. |
| Biðtími eftir greiningu og ráðgjöf á vegum sérfr.þ. sveitarfélaga | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélags, skólastjórnendur og kennarar telja að biðtími eftir greiningu og ráðgjöf sé frá einum upp í þrjá mánuði. Sama viðhorf kom fram í könnun meðal kennara. Í könnun meðal foreldra, sem höfðu nýtt sérfræðiþjónustu, sögðu flestir biðtíma eftir greiningu (25%) og ráðgjöf (38%) vera 1-3 vikur. Að sögn foreldra í rýnihópi er óvissa um fyrirkomulag sérfræðiþjónustu í öðrum skóla sveitarfélagsins. | <ul style="list-style-type: none"> Þörf er á að upplýsa foreldra betur um fyrirkomulag sérfræðiþjónustu. |
| Aðgengi að túlkaþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Sátt virðist ríkja meðal viðmælenda í rýnihópum um aðgengi að túlkaþjónustu. Í könnun meðal kennara kom hins vegar fram að 42% grunnskólakennara voru frekar eða mjög ósammála því að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veiti túlkaþjónustu til að tryggja að upplýsingar og/eda ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. Tölur fyrir leikskóla voru ekki marktækar vegna fárra svara. Í könnun meðal foreldra kom fram að 60% þeirra vissu ekki hvort sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins veitir túlkaþjónustu til að tryggja að upplýsingar og/eda ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. | <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið skoði og hafi eftirlit með að aðgengi að túlkaþjónustu sé tryggt. |

7.2. Starfshættir sérfræðiþjónustu

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|--|--|
| Ferli, verklagsreglur og verkferlar sérfræðiþjónustu | <ul style="list-style-type: none"> Yfirmaður sérkennslu innan skólanna, í samráði við foreldra, leitar til sérfræðinga á vegum skólans sem setja greiningarferli í gang. Þeir bera ábyrgð á aðgengi að matstækjum. Teymisfundir eru haldnir með hagsmunaaðilum. Í könnun meðal kennara kom fram að meirihluti grunnkólakennara (71%) segir að kennari meti fyrst þörf nemenda fyrir stuðning. Skólastjórnendur segja að skriflegir verkferlar og verklagsreglur séu að einhverju leyti til staðar. Fulltrúar sveitarfélagsins segja að verkferlar séu óformlegir og þetta sé það sem helst er ábótavant. Hluti foreldra í rýnihópi sögðu að þeir væru upplýstir um ferli sérfræðiþjónustu eftir að hafa nýtt hana fyrir eigin börn. Aðrir sögðu að þeir vissu hvert þeir gætu leitað til að fá upplýsingar um það, s.s. til starfsmanna skóla. Í viðhorfskönnun meðal kennara kemur fram að 54% grunnkólakennara telja verkferla skóla vegna sérfræðiþjónustu við nemendur vera kennurum aðgengilega, en 31% þeirra telja þá aðgengilega foreldrum. Í könnun meðal foreldra kemur fram að meirihluti þeirra (27% foreldra leikskólabarna og 36% foreldra grunnskólabarna) veit ekki hvort verkferlar leikskóla og grunnskóla vegna sérfræðiþjónustu við nemendur séu þeim aðgengilegir. Tölur úr leikskóla voru ekki marktækar í könnuninni vegna fárra svara. | <ul style="list-style-type: none"> Efla þarf verkferla og verklagsreglur um framkvæmd sérfræðiþjónustu. Mikilvægt er að foreldrar og kennarar hafi aðgengi að verkferlum er varða sérfræðiþjónustu. |
| Stuðningur sérfræðiþjónustu við forvarnarstarf | <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar sveitarfélagsins segja að forvarnarstefna sveitarfélagsins þarfnist endurskoðunar en einhver fræðsla sé alltaf í gangi. Skólastjórnendur og kennarar segja að skólar séu ábyrgir fyrir forvarnarstarfi. | <ul style="list-style-type: none"> Hvatt er til að forvarnarstefna sveitarfélagsins verði endurskoðuð sem fyrst og kynnt hagsmunaaðilum. Henni verði síðan framfylgt í skólum sveitarfélagsins. |
| Samráð við foreldra vegna greininga | <ul style="list-style-type: none"> Greiningar á nemendum eru gerðar í samráði við foreldra og með samþykki þeirra og þeir upplýstir um niðurstöðuna. | |
| Eftirfylgni og mat á árangri í kjölfar greiningar | <ul style="list-style-type: none"> Eftirfylgni og árangur er metinn með sérfræðingum er málið varðar. Viðmælendur skóla segja að farið sé yfir stöðu einstakra barna varðandi eftirfylgni og mat á árangri á teymisfundum og í foreldraviðtölum. Sérfræðingar eru ráðnir af skólunum sjálfum og hafa í einhverjum tilfellum aðkomu að meðferð og eftirfylgni einstakra nemenda. | <ul style="list-style-type: none"> Mikilvægt er að sveitarfélagið og/eða Fræðslunefnd sinni eftirlitshlutverki varðandi eftirfylgni og mat á árangri þar sem skólar eru sjálfir ábyrgir fyrir að uppfylla ákvæði reglugerðar. |

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

| | Núverandi staða | Aðgerðir til úrbóta |
|--|--|---|
| Almenn ráðgjöf og fræðsla til foreldra | <ul style="list-style-type: none"> Skólar sveitarfélagsins eru ábyrgir fyrir að veita almenna ráðgjöf og fræðslu til foreldra, s.s. um samstarf heimilis og skóla eða hegðun barna þeirra. Foreldrar í rýnihópi sögðu að þeim væri veitt almenn ráðgjöf og fræðsla einstöku sinnum í formi fyrirlestra, s.s. foreldrafærni. Í könnun meðal foreldra tilgreindu 41% að sérfræðiþjónustan styddi við foreldra með ráðgjöf og 33% að hún styddi við foreldra með fræðslu. | <ul style="list-style-type: none"> Skólar skoði aðkomu sína að almennri ráðgjöf og fræðslu til foreldra við endurskoðun á forvarnarstefnu. |
| Stuðningur við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð vegna lögbundinnar starfsemi | <ul style="list-style-type: none"> Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins hefur ekki veitt foreldrafélögum, foreldraráðum og skólaráðum ráðgjöf eða fræðslu vegna lögbundinnar starfsemi þeirra. Foreldrar í rýnihópi og skólalastjórnendur segja að ef óskað væri eftir aðstoð frá sveitarfélaginu fengju þeir hana. | <ul style="list-style-type: none"> Æskilegt er að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins skilgreini og geri grein fyrir stuðningi við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð. |

7.3. Samantekt

- Mikilvægt er að sveitarfélagið og skólar kynni hlutverk sitt og skyldur um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Ennfremur að kynna betur fyrir hagsmunaaðilum samning við Háskólann á Akureyri.
- Sveitarfélag og skólar leiti leiða til þess að starfsfólk skóla sem sinnir sérkennslu fái menntun í sérkennslufræðum. Einnig að tryggj sé að kveðið sé á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá og að í símenntunaráætlun sé lögð áhersla á að efla þekkingu allra starfsmanna á viðfangsefnum reglugerðar.
- Skilgreina þarf betur áherslur og verkaskiptingu um sérfræðiþjónustu skv. reglugerð.
- Efla þarf verkferla og verklagsreglur um sérfræðiþjónustu og kynna fyrir hagsmunaaðilum.
- Sveitarfélagið og/eða fræðslunefnd efla eftirlit sitt með framkvæmd, eftirfylgni og mat á árangri nemenda vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem skólar veita. Tryggja þarf að sérfræðiþjónustan uppfylli ákvæði reglugerðar þar um.
- Sveitarfélag, skólar og barnaverndarnefnd bæti upplýsingaflæði eins og kostur er.
- Auka þarf samstarf ríkis og sveitarfélags, m.a. vegna biðtíma og meðferðarúrræða.
- Skólar auki og upplýsi enn frekar um almenna ráðgjöf og fræðslu til foreldra.
- Sveitarfélagið hafi eftirlit með og tryggi aðgengi að tulkþjónustu.
- Nokkur munur kom fram á framkvæmd sérfræðiþjónustu í skólunum tveimur. Tryggja þarf að jafn aðgangur sé að sérfræðiþjónustu í skólum sveitarfélagsins og að sveitarfélagið skoði leiðir til að jafna stöðu skóla varðandi stöðugildi sérkennslustjóra og/eða umsjónarmanns sérkennslu. Mikilvægt er að Þingeyjarskóli upplýsi hagsmunaaðila enn frekar um breytt fyrirkomulag á sérfræðiþjónustu.

8. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Fimm sveitarfélög hafa skólustefnu en eitt þeirra hefur gert áætlun um gerð hennar. Í þeim skólanámskrám sem bárust úttektaraðilum var mismunandi hvort fjallað var nægilega um sérfræðipjónustu líkt og reglugerð kveður á um. Í símenntunaráætlunum sem bárust skorti í einhverjum tilfellum á að lögð væri áhersla á að efla þekkingu allra starfsmanna á viðfangsefni reglugerðarinnar. Sveitarfélögum hefur tekist misvel að tryggja aðgengi að sérfræðipjónustu. Helstu áhrifavaldar virðast vera landfræðileg lega, stærð sveitarfélaga og frambod á fagfólki. Hlutverk, ábyrgð, skyldur og verkaskipting sveitarfélagsins annars vegar og skóla hins vegar er varðar sérfræðipjónustu sveitarfélagsins, eru víða óljós og þekking á reglugerð víða ábótavant. Fyrirkomulag og framkvæmd þjónustunnar er mismunandi milli þeirra sveitarfélaga sem úttektin nær til. Í úttektinni má greina helstu styrkleika og veikleika hvers fyrirkomulags, sjá töflu 3:

Tafla 3. Kostir og gallar fyrirkomulags og framkvæmd á sérfræðipjónustu.

| Fyrirkomulag | Helstu styrkleikar | Helstu veikleikar |
|-------------------------------|---|--|
| Sjálfstæð eining | <ul style="list-style-type: none"> • Er hluti af sveitarfélaginu sjálfu. • Sterkt teymi sérfræðinga. • Aukið eftirlit og miðstýring. • Samlegðaráhrif og samræmi. • Nálægð við skóla, sérfræðingar jafnvel með aðsetur í skólum. • Foreldrar geta leitað bæði til skóla og skólaskrifstofu. | <ul style="list-style-type: none"> • Aukin miðstýring. • Boðleiðir geta verið flóknari. • Minna sjálfstæði skólanna. • Þjónustuþegar í stærri sveitarfélögum geta verið fleiri á hvern sérfræðing sem getur dregið úr þjónustu. |
| Byggðasamlag | <ul style="list-style-type: none"> • Smærri sveitarfélög sameinast um sérfræðipjónustu og byggja upp sterkara teymi sérfræðinga. • Samlegðaráhrif og samræmi. • Aukið samstarf sveitarfélaga. • Foreldrar geta leitað bæði til skóla og skólaskrifstofu. • Aukin miðstýring. | <ul style="list-style-type: none"> • Víðfemt þjónustusvæði. • Vegna víðfems þjónustusvæðis getur fjarlægð sérfræðinga og skóla verið mikil. • Misræmi getur skapast á sérfræðipjónustu milli skólastiga. • Aukin miðstýring. |
| Skólar sinna sérfræðipjónustu | <ul style="list-style-type: none"> • Stytttri boðleiðir. • Stuttur biðtími eftir greiningu og ráðgjöf. • Getur verið gott aðgengi að sérfræðingum fáist þeir sökum landfræðilegrar legu. • Aukin dreifstýring. | <ul style="list-style-type: none"> • Skortur á yfirsýn, eftirliti og samræmingu með framkvæmd sérfræðipjónustu í sveitarfélagi. • Hagsmunatengsl og skortur á sérfræðiþekkingu innan stjórnslu sveitarfélaganna getur hindrað framkvæmd reglugerðar. • Misræmi getur skapast á sérfræðipjónustu milli skóla og skólastiga.. • Hætta á hagsmunaárekstrum þar sem foreldrar geta eingöngu leitað til skólans. • Aukin dreifstýring. |

Ekki virðist nægilegt samráð milli ríkis og sveitarfélaga um hlutverk, ábyrgð og tilfærslu á sérfræðiþjónustu. Almenn fræðsla, ráðgjöf og upplýsingagjöf til foreldra mætti vera meiri. Úttektin leiðir í ljós að sveitarfélög mættu hafa meira frumkvæði að stuðningi við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir og auka eftirfylgni og mat á árangri. Almennt kom fram meðal viðmælenda að erfitt væri að framfylgja stefnu um *Skóla án aðgreiningar*. Skortur væri á fjármagni, meiri og fjölbreyttari sérfræðiþekkingu og frekari stuðning á faglegum sviðum.

8.1. Tillögur til sveitarfélaga um úrbætur

1. Mikilvægt er að sveitarfélagið, sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins og skólar kynni hlutverk sitt og skyldur, verkaskiptingu og ábyrgð á sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, enda kom fram meðal viðmælenda í öllum sveitarfélögum að fyrirkomulag væri ekki nægilega kunnugt foreldrum og í nokkrum tilfellum ekki kennurum heldur.
2. Sveitarfélag og skólar tryggi að í skólanámskrá sé kveðið á um skipulag sérfræðiþjónustu og að í símenntunaráætlun sé lögð áhersla á að efla þekkingu allra starfsmanna á viðfangsefni reglugerðar nr. 584/2010.
3. Sveitarfélög þurfa að auka enn frekar eftirlit, eftirfylgni og mat á árangri vegna sérfræðiþjónustu við einstaka nemendur, sérstaklega í vægari málum.
4. Kynna þarf verkferla sérfræðiþjónustu betur, sérstaklega fyrir foreldrum.
5. Sveitarfélög leiti leiða til að stytta biðtíma eftir greiningu eins og kostur er.
6. Sveitarfélög hafi eftirlit með aðgengi að viðeigandi tülkaþjónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum sbr. reglugerð nr. 584/2010.
7. Sveitarfélög hafi samráð við ríki um hlutverk, ábyrgð og tilfærslu á sérfræðiþjónustu sbr. reglugerð nr. 584/2010. Einnig verði skoðaðar leiðir til að leysa úr vanda sem landfræðileg lega sveitarfélaga orsakar varðandi aðgengi að sérfræðingum og þjónustu t.d. með meiri dreifingu á þjónustu stofnanna.
8. Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga hafi frumkvæði að því að upplýsa og veita ráðgjöf til skólaráða, foreldraráða og skólaráða vegna lögbundinnar starfsemi þeirra sbr. reglugerð nr. 584/2010.
9. Leita þarf leiða til að auka enn frekar almenna fræðslu, ráðgjöf og upplýsingaflæði til foreldra sbr. reglugerð nr. 584/2010.
10. Tryggja þarf aðgang foreldra til að kynna sér gögn um eigin börn og að fá afrit af þeim sbr. reglugerð nr. 584/2010 og barnalög nr. 76/2003.
11. Almennt má auka frumkvæði sérfræðiþjónustu sveitarfélaga að stuðningi við starfsfólk og skóla sem faglegar stofnanir, t.d. kennslufræðilega ráðgjöf.

8.2. Tillögur til úrbóta á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu

8.2.1. Sjálfstæð eining

1. Til þess að draga úr miðstýringu eru sveitarfélög hvött til þess að færa eins og kostur er þjónustuna nær skólum til dæmis með beinum aðgangi að sérfræðingum og tengiliðum í skólum og á skólaskrifstofu. Fram kom í úttektinni að slíkt fyrirkomulag hafi reynst vel.
2. Sveitarfélög skoði hlutfall þjónustuþega á hvern sérfræðing.

8.2.2. Byggðasamlag

1. Til þess að draga úr miðstýringu eru sveitarfélögin hvött til þess að færa eins og kostur er þjónustuna nær skólum til dæmis með beinum aðgangi að sérfræðingum og tengiliðum í skólum og á skólaskrifstofu. Fram kom í úttektinni að slíkt fyrirkomulag hafi reynst vel.
2. Sveitarfélögin tryggji að byggðasamlag hafi á að skipa sérfræðingum fyrir bæði skólastig.

8.2.3. Skólar sinna sérfræðipjónustu

1. Sveitarfélögin þurfa að tryggja yfirsýn, eftirlit og samræmingu með framkvæmd sérfræðipjónustu svo misræmi skapist ekki milli skóla, skólastiga og jafnræði þjónustuþega sé tryggt.
2. Í sveitarfélögunum í úttektinni þar sem skólar sinna sérfræðipjónustu fór skólanefnd eingöngu með eftirlit sveitarfélagsins. Í lögum um skólanefndir segir að eitt af meginhlutverkum hennar sé *að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu og að hafa eftirlit að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur*. Huga þarf að sérfræðipækkingu og hagsmunatengslum innan stjórnsýslu sveitarfélaga í ljósi þessa hlutverks skólanefndar.
3. Úttektaraðilar leggja til að sveitarfélögin skoði kosti þess að leita samstarfs t.d. við stærri og/eða sjálfstæðar einingar m.a. um eftirlit og/eða ráðgjöf. Kennslufræðileg ráðgjöf í samvinnu við fagstofnun er veitt í öðru sveitarfélaginu og hefur slíkt fyrirkomulag reynst vel.

4. Til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra er mikilvægt að komið verði á öðrum tengiliði utan skóla sem foreldrar geti leitað til vegna aðgengis að sérfræðiþjónustu.

8.3. Tillögur til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úrbætur

1. Haft verði frumkvæði að því að komið verði á samráðsvettvangi milli sveitarfélaga og aðila er annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins til þess að ræða hlutverk, ábyrgð og tilfærslu á sérfræðiþjónustu beggja aðila sbr. tillögu til sveitarfélaga.
2. Leitað verði leiða í samráði við sveitarfélög um hvernig fjölga megi í starfsstétt talmeinafræðinga eins og kostur er. Gera þarf úttekt á þörfum fyrir þjónustu talmeinafræðinga og hvernig hægt sé að uppfylla þær.
3. Skoðaðir verða möguleikar á að auðvelda aðgengi barna að meðferðarúrræðum vegna landfræðilegrar legu sbr. 7.gr. reglugerðar nr. 584/2010. Athugað verði hvort mögulegt sé að auka þjónustu stofnana sem sjá um greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins t.d. með því að veita þjónustu í auknum mæli utan höfuðborgarsvæðisins.
4. Hvatt er til að leiðbeinandi reglur um kynningu og innleiðingu fylgi reglugerð nr. 584/2010 svo samræma megi vinnubrögð meðal sveitarfélaga sbr. leiðbeinandi bæklinga um grunnþætti menntunar í aðalnámskrám.
5. Skoðuð verði nafnbreyting á reglugerð svo það endurspegli betur innihald hennar, svo nafn reglugerðar vísi ekki eingöngu í þjónustu vegna sérúrræða.
6. Haft verði frumkvæði að því að skoða samstarf og hlutverkaskiptingu milli sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustu og hvernig efla megi samstarfið þar sem þess er þörf.
7. Athuga þarf hvernig auðvelda má flutning gagna um nemendur frá grunnskóla upp í framhaldsskóla með sambærilegum hætti og gert hefur verið milli leik- og grunnskóla.
8. Leitað verði leiða til að stytta biðtíma eins og kostur er hjá aðilum er sinna greiningar- og meðferðarúrræðum á vegum ríkisins.
9. Í reglugerð verði greint skýrar á um eftirlitshlutverk ríkis og sveitarfélaga með framkvæmd og fyrirkomulagi á sérfræðiþjónustu þá sérstaklega þegar skólar sjá sjálfir um að veita þjónustuna. Huga mætti að öflugra stuðningsneti sérstaklega fyrir smærri sveitarfélög til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu þar sem skortur á

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013

- sérfræðiþekkingu og hagsmunatengsl innan stjórnsýslunnar geti haft þar áhrif. Þetta mætti m.a. gera með teymi sérfræðinga sem sveitarfélög geta leitað sér ráðgjafar hjá.
10. Ítarleg úttekt verði gerð á stefnu um *Skóla án aðgreiningar* svo meta megi lykilkætti sem nauðsynlegir eru fyrir framkvæmd hennar.